Þetta dæmi um Hrísey og lundann varpar ljósi á hvernig staðir eru í sífelldri mótun og taka á sig breyttar myndir í hreyfanlegum heimi. Með öðrum orðum, staðir eru síkvikir og mótast í og af hreyfanleika þar sem lifandi verur, bæði mennskar og ómennskar, efni og straumar ferðast til og frá. Þessi staðreynd samræmist líkingu landfræðingsins Kevin Hetherington (1997) á stöðum við skip. Hann bendir á að staðir, líkt og skip, eru á sífelldu ferðalagi á milli þess sem þeir leggjast að bryggju, staldra við og afferma, taka vistir og forða áður en ferðinni er haldið áfram. Í því samhengi má segja að íbúar Hríseyjar séu að safna í forða til framtíðar áður en ferðalaginu er haldið áfram og þá á breyttum forsendum í hagkerfi ferða-þjónustunnar. Leikurinn felst í að festa staði í sessi, skapa tilfinningu fyrir ákveðinni kyrrstöðu og öryggi vitandi þó að í síkvikum heimi verða staðir aldrei njörvaðir niður til fulls, ferðalagið heldur alltaf áfram í takt við strauma hvers tíma. Þetta verður bersýnilegt í heimi sem sífellt er að skreppa saman á tímum sífellt örari tæknibreytinga. Þörfin fyrir að skapa sér sérstöðu og samtímis að festa staði í sessi verður mun ágengari. Lundalausa íslenska eyju skortir alvöru aðdráttarafl, í þessu tilfelli lundann sem ferðamenn tengja við náttúru á norðurslóðum í síkvikum heimi þar sem sæt og sjarmerandi dýr hafa aðdráttarafl (Lorimer 2014; Lorimer 2015; Lund o.fl. 2018; Guðrún Steinþórsdóttir og Bergljót Soffía Kristjánsdóttir 2019).

Síkvikur menningararfur

Til að rýna í það ferli sem hefur gert lundann að menningararfi er nauðsynlegt að skoða stöðu hans í samhengi við íslenska menningu og þjóðlíf í tíma og rými en einnig í víðara samhengi því tilvist lundans nær langt út fyrir mæri Íslands. Því verður að skoða þýðingu hans sem fjölbreytta í ljósi hreyfanlegrar tilvistar hans. Lundinn hefur verið partur af íslenskri menningu frá aldaöðli. Hann hefur verið veiddur til matar, egg hans nýtt þannig að sambýli hans við mannlíf í sjávarbyggðum hefur verið mikilvægt og hefðir skapast í þeim tengslum. Útlit hans og oft og tíðum spaugilegir taktar hafa einnig fangað athygli Íslendinga. Hann hefur sem dæmi fengið viðurnefnið prófastur og þannig verið gefin mennsk ásýnd. Hann er óneitanlega hluti af íslenskri menningu en á hinn bóginn velta Íslendingar fyrir sér

hinu mikla vægi sem hefur komið í ljós að erlendir ferðamenn gefa honum. Sögulega séð hafa aðrir fuglar í menningu Íslands haft meira táknrænt vægi, svo sem hrafninn í sveitasamfélagi fyrri tíðar sem bjó í mun meiri beinni snertingu við manninn og var fyrirferðarmikill í þjóðtrúnni. Engar sögur voru sagðar af lundum. Á hinn bóginn hefur hinn síkviki heimur virkjað nýjar tegundir hreyfanleika, meðal annars aukin ferðalög fólks sem vill komast í beina snertingu við náttúruna sem oft og tíðum virðist fjarlæg og framandi fólki í borgarmenningu nútímans og lundinn er sætur og lundinn heillar.

Enska heiti lundans *puffin* vísar beint til útlits hans sem er *puffy*, krúttlegt, jafnvel bangsalegt og að því er virðist klaufalegir líkamsburðir hans á landi gera það að verkum að hann hefur hlotið viðurnefnið *trúður hafsins* (e. *clown of the sea*). Einnig er stundum vísað til hans sem norðlensks frænda mörgæsarinnar, *penguin of the north*, þó skyldleikinn sé í raun enginn, en líkt og mörgæsin eru það þessi mannlegu einkenni, klaufaskapur og krúttlegheit sem mannskepnan tengir við. Lundinn hefur því það sem að landfræðingurinn Jamie Lorimer (2014) fjallar um sem ómennskan sjarma (e. *nonhuman charisma*), þ.e. hann er ekki mennskur en mannalegur (e. *human-like*), eiginleikar sem hafa áhrif og gefa dýrum ákveðið táknrænt hlutverk í umræðu dagsins í dag um umhverfisvernd. Dýr sem hafa mannalega eiginleika þykja standa manninum nær og það er dregið fram í dagsljósið þegar lögð er áhersla á ábyrgð mannsins gagnvart umhverfinu. Lundinn er ekki talinn í útrýmingarhættu en er flokkaður sem viðkvæm tegund og þarfnast því verndar og er að sama skapi áminning um umgengni mannanna sem ættingi hins útdauða geirfugls. Hann leikur því mikilvægt hlutverk í umræðunni um umhverfisvernd.

Sem áminning um viðkvæma náttúru talar lundinn beint til hins náttúrumeðvitaða ferðamanns en landfræðingurinn Stephanie Rutherford (2011) dregur fram nýja staðalmynd hans sem hvíts millistéttarmanns í góðum efnum með sterka siðferðisvitund og grænan lífsstíl. Lundinn laðar að og er sem afleiðing orðinn að fyrirbæri sem skilgreina má sem menningararf. Líkt og Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein (2015) benda á er tilurð menningararfs staðfest þegar hann hefur verið dreginn fram í dagsljósið sem slíkur og gerður sýnilegur og aðgengilegur. Enn frekar fellur lundinn vel að því umhverfi sem ferðaþjónustan dregur fram með áherslu á sérkenni norðurslóða eins og áður er getið með þeim afleiðingum að hann hefur tekið sér fasta búsetu í miðborg Reykjavíkur, mörgum til ama. Lundinn selst. Í þessu samhengi má segja að það hafi verið í höndum ferðamanna og kaupmanna að draga fram mikilvægi lundans sem menningarfs á fremur óskipulegan og óvæntan hátt sem vekur þá upp spurningar um hvort um raunverulegan menningararf er að ræða. Þetta kallar fram vangaveltur um sanngildi menningararfs og enn fremur spurningar um eignarhald á menningu og framsetningu hennar.

Eins og fornleifafræðingurinn John Schofield (2000) bendir á mótast sanngildi menningararfs af því hver setur hann fram, í hvaða tilgangi og fyrir hverja. Miðla þarf arfleifðinni á þann hátt sem fellur að viðurkenndum samfélagslegum reglum en það sem er viðurkennd regla eins þarf ekki að gilda fyrir alla fyrir utan að reglur eru alltaf í mótun. Það að nýfengið gildi lundans hafi upphaflega komið til vegna neyslu ferðamanna sem markaðurinn brást við er ekki hefðbundið og litið hornauga af ýmsum. Hins vegar er framsetning lundans í heimi markaðsafla mjög hefðbundin. Honum er miðlað á sjónrænan máta í fallegu myndefni sem minjagrip og verður þannig að vörumerki sem er táknrænt fyrir norðurslóðir og svo er hann raunverulega gerður sýnilegur þegar skipulagðar eru ferðir á slóðir hans sérstaklega fyrir ferðamenn. En ferðaþjónustan er ekki einangrað fyrirbæri sem stendur utan við samfélagið sem slíkt og Íslendingar hafa samfara aukinni ferðamennsku hampað lundanum sem menningararfi.

Árið 2019 setti íslenska hönnunarverslunin Epal lunda á markað undir vörumerkinu Puffin Pride í tilefni Hinsegin daga í Reykjavík. Lundinn er hannaður

af Sigurjóni Pálssyni sem skreytir gogg hans litum regnbogafánans (https://www.epal.is/tag/lundi/). Hér er um að ræða lunda á neytendamarkaði en sem hönnun framleidd í takmörkuðu upplagi má áætla að markhópurinn sé öðruvísi samsettur en sá sem miðar við neyslu ferðamanna. Barnabókin um Ævintýri Munda lunda var gefin út árið 2019 en hún er byggð á ævintýri raunverulegs, en blinds, lunda sem fannst slasaður á götu í Reykjavík árið 2017. Höfundur bókarinnar tók hann inn á heimili sitt og ól fyrir honum önn í tvö ár áður en hann dó. Mundi lundi var sannkölluð samfélagsmiðlastjarna og var aðgangur í nafni hans bæði á Instagram og Facebook þar sem hann naut mikilla vinsælda (https://lestrarklefinn.is/2019/11/09/mundi-lundi-ur-raunheimum/). Lundanum er einnig gert hátt undir höfði í byggðasafni Vestmannaeyinga, Sæheimum, en Vestmannaeyjar hafa lengi hýst frægustu lundabyggð á Íslandi. Einnig er algengt að veitingastaðir viðhaldi hefðinni með því að bjóða upp á lunda á matseðlum sínum. Það er því í alls konar samhengi sem lundinn er settur fram sem menningararfur eftir því hver á í hlut og í hvaða tilgangi en tilgangur með framsetningu hans er alltaf einhver, t.d. að styrkja hefðir, ákveðna menningu, efla samfélög og yfirleitt felst í honum einhvers konar áminning. Með öðrum orðum, birtingarmyndir menningararfs eru margvíslegar. Það eru þessi ferli sem móta menningararfinn sem við sem fræðimenn eigum að horfa á og þá ekki síst í ljósi spurninga sem vakna um sanngildi menningararfsins og pólitík hans.

Ein ástæða þess að sumir eiga erfitt með að sjá lundann sem menningararf er framsetning hans í neytendaumbúðum (Valdimar Hafstein 2006). Íslendingar tengja ekki við lundann sem seldur er sem minjagripur sem eiginlegan menningararf sem dregur fram mæri á milli okkar og hinna, Íslendinga og ferðamanna, og spurningin er hverjum hann tilheyrir. Það vekur upp spurningar um hvernig eigi að vinna með og miðla honum sem menningararfi og hvernig á að nálgast hann. Hvað er rétta leiðin, eða er einhver rétt leið? Þessum spurningum verður að öllum líkindum ekki svarað en það er þó ljóst að sumar leiðir eru viðurkenndari en aðrar. Á hinn bóginn vil ég halda því fram að við eigum ekki að afgreiða neysluvæðingu á menningararfi sem niðurrifsafl sem smækkar fyrirbærin og rýrir gildi þeirra. Einhvers konar neysla helst yfirleitt í hendur við framsetningu menningararfs og því eigum við að horfa á hana sem skapandi ferli sem getur átt þátt í endurmótun og endurskilgreiningu sem eflir staðbundna menningu. Þetta kemur skýrt fram í dæminu frá Hrísey þar sem lundinn er beinlínis virkjaður til þess að draga fram sérstöðu sem mun laða að sér ferðamenn og styrkja stöðu byggðar í eyjunni. Það má þó setja spurningarmerki við frumleika þessa skapandi ferils sem felst í því að móta lundabyggð sem er fyrirbæri sem finna má víðs vegar allt í kringum Ísland. En það engin spurning að lundinn laðar að og sjálft ferlið sem felst í því lokka lunda til eyjarinnar er frumlegt, úthugsað og skapandi. Þetta undirstrikar enn og aftur að menningararfur er ekki stöðug eining og gefin sem vekur aftur upp spurninguna um sanngildið og þá hvaða merkingu við leggjum í hugtakið. Í hverju felst sanngildi hlutanna? Er það fasti sem greiptur er í þá eða mótast það í mismunandi samhengi hverju sinni, í þeim tengslum sem draga það fram?

Mannfræðingurinn Joy Hendry (2000) hefur bent á að vestrænn skilningur á sanngildi sé nátengdur hugmyndum okkar um upprunaleika og bendir á að það sé afleiðing af því að búa í samfélagi fjöldaframleiðslu. Hlutir og fyrirbæri sem megi rekja til ákveðinnar fortíðar beri þá sanngildið í sér. Máli sínu til stuðnings tekur hún sem dæmi söfn og þemagarða í Japan og bendir á að Japanir hafi töluvert annan skilning á sanngildi. Þemagarðarnir, sem yfirleitt eru endurgerð á ákveðinni fjarlægri, oft vestrænni, menningu eða menningarfyrirbæri, eru gerðir til að leyfa gestum að komast í tæri við framandleika annarra heima. Hönnun þeirra felst í mikilli nákvæmni við endurgerð og framsetningu efnismenningarinnar í þeim tilgangi að kalla fram tilfinningu gestsins fyrir sanngildi. Handverksmenn og sérfræðingar frá

viðkomandi menningarhópi eru fengnir til að hanna mannvirki og stýra framsetningu á þann hátt að það gefi sem réttasta mynd af menningarfyrirbærinu, hvort sem um er að ræða festival í spænska garðinum eða ostagerð í þeim hollenska. Jafnvel má færa rök fyrir því að hús leikritaskáldsins Shakespeare, í garði sem tileinkaður er honum, gefi trúverðugri mynd en upprunalega húsið sjálft í Englandi þar sem að byggingarefni 16. aldar hafa verið nýtt í byggingu endurgerðarinnar eins og tálgaðir trénaglar. Hins vegar hefur viðhald á upprunalegu byggingunni gert það að verkum að upprunalegur efniviður hefur þurft að víkja þó að heildamyndin hafi haldið sér. Þannig rökstyður hún að skilningur á sanngildi er menningarbundinn og skipta þar máli tengsl fólks við efnisheiminn. Hún vísar til japanskra trúarathafna sem felast í að skipta út gömlum verndargripum fyrir nýrri því að eftir því sem að hlutirnir eldast missa þeir kraftinn og hætta því að gera það gagn sem þeim er ætlað. Hefðbundin hugsun Vesturlandabúa hneigist hins vegar frekar að því að skynja andann sem ákveðinn fasta sem felst í upprunaleika hlutanna og líta á endurhönnun sem eftirlíkingu sneyddan anda. En eins og landfræðingurinn David Lowenthal (1985) benti á er fortíðin hreyfanlegt fyrirbæri í sífelldri endurskoðun í aðstæðum sem sífellt taka á sig nýjar myndir í nútímasamfélögum. Upprunaleikinn er því háður huglægu mati sem afleiðing skilgreininga á fortíðinni en ekki forsenda. Sanngildið er því ætíð háð tengslum okkar við efnisveruleikann í síkvikum aðstæðum. Það er því ekki gefið og eins og dæmin um lundann sýna er tilfinning fyrir sanngildi mikilvægur partur í mótunarferli menningararfsins. Hvernig sú tilfinning er kölluð fram, meðvitað eða ómeðvitað, er nauðsynlegt að rýna í til að öðlast gagnrýna sýn á þau skapandi ferli sem varpa ljósi á það hvernig við leitumst við að draga fram sérstöðu og skapa stöðugleika í síkvikum heimi.

Í tilfelli lundans má segja mótun hans sem menningararfs hafi átt sér stað í fremur ómeðvituðu, óreiðukenndu og jafnvel óvæntu ferli og því er ástæða til að skoða ferli þar sem mótun menningararfs hefur farið fram sem skipulögð atburðarrás sem meðvitaður „leikur“ í mótun sérstöðu staðar.

Galdraleikur[1]

Galdrasýning á Ströndum opnaði árið 2000 á Hólmavík, 400 manna byggðakjarna í strjálbýlu héraði á norðvesturhluta Íslands. Markmið sýningarinnar var að stuðla að uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu á svæðinu. Safnið sjálft og innleiðing þess var afsprengi mikils hreyfanleika. Fólksfækkun var ör á landsbyggðinni fyrir og í kringum aldamótin 2000 þegar forsendur undirstöðu-atvinnugreina byggðarlaga, fiskveiðar og landbúnaðar fóru að bresta. Sem leið til að viðhalda byggð hvatti ríkisstjórnin fólk til að leita á önnur mið og uppbygging ferðaþjónustu var ein þeirra lausna sem eygð var og styrkir voru veittir. Með öðrum orðum var hvatt til þess að efla annars konar tegund hreyfanleika sem gæti ýtt undir að festa byggðarlög frekar í sessi. Á þessum tíma hafði ungur þjóðfræðingur ættaður úr byggðarlaginu unnið verkefni sem fólst í að leita til sveitunga og biðja þá um að koma með hugmyndir um hvernig byggja mætti upp ferðaþjónustu á svæðinu. Endanleg skýrsla varð löng því hugmyndirnar voru margar en í lok hennar var imprað á því að skoða mætti 17. öldina og tímabil galdrafársins sem möguleika til að endurvekja í tengslum við ferðaþjónustu (Gunnarsdóttir og Jóhannesson 2014).

[1] Þær upplýsingar sem fram koma í þessum kafla eru byggðar á rannsókn sem höfundur framkvæmdi ásamt Gunnari Þór Jóhannessyni, prófessor í ferðamálafræði við Háskóla Íslands, á árunum 2011 til 2014. Rannsóknin var hluti af alþjóðlega verkefninu Chair in Arctic Tourism, Destination Development in the Arctic (2010–2012), og var hýst hjá Háskóla Finnmerkur í Noregi en fjármagnað af norska utanríkisráðuneytinu. Enn fremur styrkti Rannsóknasjóður Háskóla Íslands hluta íslenska verkefnisins.

Það varð úr og þrátt fyrir að ýmsir hefðu efasemdir og væru jafnvel uggandi um að endurvekja þetta tímabil. Strandir höfðu í sögulegu samhengi fengið ákveðið vægi í tengslum við þetta myrka tímabil og ekki voru heimamenn á eitt sáttir um að hampa ætti þessu tímabili kúgunar og ljótra atburða. Arfleifðin var því umdeild strax í upphafi. Hins vegar fór verkefnið af stað og vandað var til verka. Aðstandendur verkefnisins gerðu sér fulla grein fyrir að hér var um viðkvæma arfleifð að ræða sem þyrfti að setja fram á þann hátt að hún myndi þjóna tilgangi sínum, ekki bara sem menningararfur í neytendaumbúðum heldur einnig til að þjóna sveitungum og jafnvel gera þá stolta af þeirri ímynd sem framsetning arfsins myndi kalla fram. Það virðist sem vinnubrögðin hafi skilað sér því íbúar virðast almennt sáttir.

Galdrasýningin býður upp á skipulagða framsetningu á sögulega viðurkenndum menningararfi með beinni skírskotun í 17. aldar sögu svæðisins. Framsetningin er markviss og miðlar sögulegum staðreyndum með það fyrir augum að draga fram ákveðin sérkenni svæðis og hafa áhrif á mótun Stranda sem áfangastaðar í ferðamennsku. Hefðbundið séð mætti því álykta að sanngildi felist í því hversu trú sýningin er sögunni þar sem að hún byggir á sögulegum heimildum. Ef það ferli sem tilurð safnsins var mótuð í er hins vegar skoðað er augljóst að sagan vekur upp mismunandi viðbrögð sem sýnir að tengsl fólks við hana eru ólík sem rímar við umræðu sagnfræðingsins James Clifford (1997) um söfn sem tengslarými. Hann færir rök fyrir því að gildi sýninga felist í framsetningunni sjálfri, hvernig hlutir talast við innan sýningarýmisins og þá um leið tala til áhorfenda. Þannig felst sanngildið í tengslum hlutanna og hvernig þeir segja söguna, ekki sem línulega frásögn heldur er gestum boðið að tengja sig við söguna út frá sinni nálgun, þ.e. á þann hátt sem gefur þeim tilfinningu fyrir sanngildi. Enn fremur bendir Clifford á að hver hlutur er í sjálfu sér samansettur úr tengslum sem segja sögu sem tengist heildarmyndinni oft á frekar óreiðukenndan máta, þ.e. ekki í tímaröð. Sköpunarferli sýninga ráða því miklu um hvernig þær tala til fólks og það sem meira er er að sköpunarferlið er stöðugt virkjað með tilveru sýningarinnar, meðal annars með heimsóknum ferðamanna. Því má halda því fram að Galdrasýning á Ströndum sé gott dæmi um þetta.

Húsið sem hýsir Galdrasýninguna sker sig úr frá öðrum byggingum í nágrenninu. Hér er um að ræða gamalt, lágreist fyrrverandi pakkhús niður við höfnina, áberandi svartmálað með torfþaki. Fyrsta sýningaratriðið blasir við í anddyrinu, mynd af Ægishjálmi, rún sem verndar gegn illum öflum, máluð á vegg. Því næst er kort af Íslandi sem sýnir staði þar sem galdraásakanir og brennur áttu sér stað. Þessi tvö atriði hjálpa gestum að staðsetja sig í tíma og rúmi og gefa til kynna inn í hvaða heim skal haldið. Fyrsti eiginlegi sýningargripurinn blasir hins vegar við þegar komið er að aðalinngangi á neðri hæð safnsins en það er glerskápur sem stendur fyrir miðju gólfi og í honum ósýnilegi drengurinn sem sést ekki þar sem hann er íklæddur huliðshjálmi. Skápurinn virðist því tómur en áhorfandi veit að svo er ekki því að stuttur texti á glerinu inniheldur galdraþuluna sem segir hvað gera skal vilji maður klæðast huliðshjálmi og sýnir viðeigandi rún. Þegar horft er í gegnum glerið blasir við bakhlutinn á draugi sem virðist vera að rísa hægt upp úr gröf sinni svo þörf virðist á að kveða hann niður. Hér er greinilegt að ákveðinn leikur á sér stað sem gestum er boðið að taka þátt í en alvaran er þó ekki langt undan. Auk ofangreindra uppstillinga má finna tilbera, nábrækur og þjófagaldur svo eitthvað sé nefnt. Á neðri hæð safnsins er gesturinn á þennan hátt leiddur áfram frá einu sýningaratriði til annars sem hvert og eitt segir frá aðferð við ákveðna tegund galdurs en á sama tíma er gesturinn hvattur til að nota ímyndunaraflið til að tengja við athöfnina. Það má því segja að sýningin sé í sjálfu sér full af hreyfanleika og virki jafnframt hreyfanleika gesta sem er boðið inn í heim 17. aldarinnar með því að setja sig í spor þeirra sem lifðu þá tíma í gegnum framsetningu á göldrunum sjálfum. Ekki er uppruni galdranna rakinn eða reynt að tengja þá ákveðnum persónum eða sögum sem festa þá í sessi. Gestinum er

hins vegar boðið að ferðast í tíma með hjálp ímyndunaraflsins (Lund og Jóhannesson 2016).

Þegar komið er á efri hæð safnsins er framsetningin önnur og virðist mun hefðbundnari. Meðfram veggjunum á sitt hvora hönd eru langir sýningarkassar með glerþaki. Þeir geyma m.a. ýmsar sögulegar upplýsingar um öld galdrafársins sem sýna hvernig átök þau sem áttu sér stað á 17. öldinni voru afsprengi ólíkra hugmyndastrauma sem höfðu komið úr mismunandi áttum. Áherslan er meiri á ritmálið, samsetning galdra er útskýrð með stuttum textum en einnig eru flókin tengsl, sem oftar en ekki einkenndust af átökum milli fjölskyldna og vensla sem fléttast saman við átök hugmyndastrauma sem berast frá Evrópu með lúterskri trú en hún vann markvisst að útrýmingu hugmynda fólks sem hafði lifað í náinni samveru við kraft náttúrunnar. Hér er því hreyfanleikinn gerður allsráðandi, ekki einungis í því hvernig varpað er ljósi á ferðalög fólks og hugmyndastrauma heldur er einnig dregið fram hvernig náttúran er síkvik og mikilvirk í menningunni sjálfri. Fyrir endanum á efri hæðinni situr svo Jón Guðmundsson hinn lærði, sem var bæði afkastamikill rithöfundur og náttúrufræðingur, við skrifborð og skrifar á kálfskinn, íklæddur snjáðri leðurskikkju. Jón, sem var fæddur á Ströndum, var þekktur fyrir yfirskilvitlega krafta, ekki síst við að kveða niður drauga, auk þekkingar sinnar á lækningamætti jurta og steina (Viðar Hreinsson 2016). Lútersku yfirvaldi 17. aldarinnar stóð stuggur af þekkingu hans en hún þótti brjóta í bága við hugmyndafræði kristninnar auk þess sem hann hikaði ekki við að takast á við yfirvaldið þegar brotið var á réttlætiskennd hans. Það sem hann skildi eftir sig ber merkilegan vitnisburð um heimsmynd og veruleika venjulegs íslensks bændafólks á 17. öld. Nærvera Jóns lærða færir áherslu safnsins yfir að mætti hins ritaða orðs sem miðlar jafnt í nútíð sem framtíð.

Tengslarýmið sem Galdrasýningin skapar dregur þannig fram pólitísk átök sem öðrum þræði má túlka sem verufræðileg á þann hátt að tekist var á um hvað væri réttmæt heimsmynd, frammi fyrir guði og mönnum. Sem slíkt býður það gestum að ígrunda sinn eigin reynsluheim í liðinni sögu.

Niðurlag

Þegar uppi er staðið eru þau tvö dæmi sem ég hef tekið flest ólík þegar litið er til aðstæðna. Hríseyingar vilja laða til sín þekkta táknmynd Íslands í hugum ferðamanna, lundann, til að skapa grundvöll fyrir komu þeirra og til að festa byggð í sessi og til þess flytja þeir inn kínverska lunda úr plasti. Strandamenn, á hinn bóginn, endurvöktu hins vegar ákveðið tímabil sögunnar og settu fram á sýningu með það fyrir augum að skapa ímynd um sérstöðu svæðisins, efla ferðamennsku og, líkt og Hríseyingar, til að festa byggð í sessi. Í báðum tilfellum er um umdeildan menningararf að ræða. Lundinn sem seldur er í minjagripabúðum er ekki viðurkenndur sem eiginlegur menningararfur í hugum Íslendinga, sem leggja engu að síður áherslu á hlutverk hans og tengsl við mannlíf í landinu sem undirstrikar vaxandi mikilvægi hans. Íbúar Hríseyjar leggja grunn að lundabyggð, Byggðasafnið í Heimaey undirstrikar mikilvægi sambúðar fólks við hann í eyjunni og sum veitingahús halda í hefðina og bjóða upp á lunda á matseðlinum. Sanngildi lundans sem menningararfs er því dregið fram í mismunandi samhengi og það sem gildir fyrir einn gildir ekki fyrir einhvern annan og stundum er ekki alveg ljóst í hverju sanngildið felst því það er svo augljóslega háð aðstæðum og samhengi upplifunar hverju sinni. Eins og fram kemur að ofan má segja að mótun lundans sem menningararfs hafi farið fram á óskipulagðan máta og það einkenni óreiðukennda stöðu hans sem menningararfs.

Saga galdratímabilsins á Ströndum var til staðar en var að falla í gleymskunnar dá hjá hinum almenna Íslendingi og margir íbúar Strandabyggðar voru uggandi um hugmyndina um að endurvekja tímabilið til að styrkja menningartengda

ferðaþjónustu. Tímabilið var svartur blettur á sögunni og snerti marga. Þeir sem stóðu að verkefninu gerðu sér grein fyrir þessu og vissu að þeir þyrftu að fara vel með efnið og af virðingu sem þeir gerðu og það skilaði sér í því að fólk er sátt sem sýnir hvernig miðlun menningararfsins er mikilvægur hluti af því hvernig hann öðlast viðurkenningu og fólk vill gera hann að sínum. Hér var skipulega staðið að verki og vandað til vinnubragða en sanngildið felst ekki bara í því hvernig aðstandendur sýningarinnar hafa verið trúir efninu heldur gerir sviðsetning sýningarinnar ráð fyrir að fólk tengi sig frásögnum um galdratímabilið á mismunandi máta. Gestinum er boðið upp á, um leið og saga galdratímabilsins er sögð, að leyfa ímyndunaraflinu að fara á stjá og setja sig í spor aðstæðna á sinn eigin hátt. Sanngildið er ekki meitlað í söguna sjálfa.

Það sem bæði þessi verkefni eiga augljóslega sameiginlegt þó er hvernig menningararfur sprettur upp af hreyfanleika og í hreyfanleika og yfirleitt til að styrkja tilfinningu fyrir stöðugleika í síkvikum heimi. Einnig bera bæði dæmin vitni um sköpunarkraftinn sem liggur að baki mótun menningararfsins, hverjar svo sem neysluumbúðirnar eru. Umbúðirnar eru heldur aldrei varanlegar því að leikur með áfangastaði og ímynd í hreyfanlegri heimsmynd er aldrei endanlegur og krefst þess að leiknum sé haldið áfram svo að sérstöðu sé viðhaldið.

HEIMILDASKRÁ

Britton, Stephen. (1991). Tourism, capital, and place: Towards a critical geography of tourism. *Environment and Planning D: Society and Space, 9*, 451–478.

Clifford, James. (1997). *Routes: Travel and translations in the late twentieth century*. Harvard University Press.

Guðrún Steinþórsdóttir og Bergljót Soffía Kristjánsdóttir. (2019). Lundaleppar, norðurljósasokkabuxur og hrossatað: Vangaveltur um minjagripi, ferðamennsku og sjálfsmyndir þjóðar. *Ritið, 19*(3), 199–228. https://doi.org/10.33112/ritid.19.3.9

Gunnarsdóttir, Guðrún Þóra og Gunnar Þór Jóhannesson. (2014). Weaving with witchcraft: Tourism and entrepreneurship in Strandir, Iceland. Í Arvid Viken og Brynhild Granås (ritstj.), *Destination development in tourism: Turns and tactics* (bls. 95–112). Ashgate.

Harvey, David. (1990). *The condition of postmodernity: An enquiry into the origins of cultural change*. Blackwell.

Hendry, Joy. (2000). *The orient strikes back: A global view of cultural display*. Berg.

Hetherington, Kevin. (1997). In place of geometry: The materiality of place. Í Kevin Hetherington and Rolland Munro (ritstj.), *Ideas of difference: Social spaces and the labour of division* (bls. 183–199). Blackwell.

Karlsdóttir, Anna og Gunnar Þór Jóhannesson. (2016). Tourists as migrants/migrants as entrepreneurs – The agency of the visitor's eye. Í Dorota Rancew-Sikora og Unnur Dís Skaptadóttir (ritstj.), *Mobility to the edges of Europe: The case of Iceland and Poland* (bls. 38–65). Scholar Publishing House.

Lorimer, Jamie. (2014). On auks and awkwardness. *Environmental Humanities, 4*, 195–205. https://read.dukeupress.edu/environmental-humanities/article/4/1/19-5/26193/On-Auks-and-Awkwardness

Lorimer, Jamie. (2015). *Wildlife in the Anthropocene: Conservation after nature*. Minnesota University Press. https://www.jstor.org/stable/10.5749/j.ctt14btgjq

Lowenthal, David. (1985). *The past is a foreign country.* Cambridge University Press.

Lund, Katrín Anna og Gunnar Þór Jóhannesson. (2016). Earthly substances and narrative encounters: Poetics of making a tourism destination. *Cultural Geographies*, *23*(4), 653–669.

Lund, Katrín Anna, Katla Kjartansdóttir og Kristín Loftsdóttir. (2018). "Puffin love": Performing and creating Arctic landscapes in Iceland through souvenirs. *Tourist Studies, 18*(2), 142–158. https://doi.org/10.1177/1468797617722353

Lund, Katrín Anna, Kristín Loftsdóttir og Michael Leonard. (2017). More than a stopover: Analysing the postcolonial image of Iceland as a gateway destination. *Tourist Studies, 17*(2), 144–163. https://doi.org/10.1177/1468797616659951

Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein. (2015). Gagnrýnin menningararfsfræði. Rannsóknarsvið í mótun. Í Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein (ritstj.), *Menningararfur á Íslandi: Gagnrýni og greining* (bls. 9–18). Háskólaútgáfan.

Robins, Kevin. (1999). Tradition and translation: National culture in its global context. Í David Boswell og Jessica Evans (ritstj.), *Representing the nation: Reader, histories, heritage and museums*. Routledge.

Rutherford, Stephanie. (2011). *Governing the wild: Ecotours of power*. University of Minnesota Press.

Schofield, John, A. (2000). Never mind the relevance?: Popular culture for archaeologists. Í Paul M. Graves-Brown (ritstj.), *Matter, materiality and modern culture* (bls. 131–155). Routledge.

Sheller, Mimi og John Urry. (2004). Places to play, places in play. Í Mimi Sheller og John Urry (ritstj.), *Tourism mobilities: Places to play, places in play* (bls. 1–10). Routledge.

Tilley, Cristopher. (2006). Introduction: Identity, place, landscape and heritage. *Journal of Material Culture*, *11*(1/2), 7–32. https://doi.org/10.1177/1359183506062990

Valdimar Tr. Hafstein. (2006). Menningararfur: Sagan í neytendaumbúðum. Í Jón Þór Pétursson, Hilma Gunnarsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (ritstj.), *Frá endurskoðun til upplausnar: Tvær prófritgerðir, einn formáli, þrjú viðtöl, sjö fræðigreinar, fimm ljósmyndir, einn eftirmáli og nokkrar minningargreinar af vettvangi hugvísinda* (bls. 313–328). Miðstöð einsögurannsókna og ReykjavíkurAkademían.

Viðar Hreinsson. (2016). *Jón lærði & náttúrur náttúrunnar.* Lesstofan.

Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen. (2016). Nýlegar rannsóknir á fuglum í Breiðafjarðareyjum. *Breiðfirðingur, 64*, 174–177.

ABSTRACT

'Of magic and puffins in a mobile world: Accelerated heritage'

Keywords: Iceland, tourism, puffins, magic, mobility, heritage, authenticity

This chapter discusses complex aspects regarding the creation of heritage and bring forth questions regarding how its authenticity is valued in an ever increasingly mobile world of tourism consumption. The focus is on two different phenomenon's that may be defined as heritage in Iceland and have been and are being created in relations to tourism visits to Iceland namely puffins on the one hand and magic on the other. I shall demonstrate how both phenomenon have gained a status of heritage but in different ways. Both puffins and magic have been moulded into heritage through tourism mobilities but since they are unalike in their nature they are also

valued differently, not the least regarding their status in society and in relation to tourism consumption. Still, what they have in common is that they play an important role in the process of Iceland becoming a tourist destination. In this context I implement what Sheller and Urry (2004) have referred to as “places in play” or how particular features of places are brought forth and emphasised for image creation that becomes characteristic for the destination in question. The conclusions demonstrate that creation and development of particular phenomenon as a heritage happens in and with mobilities in order to create a sense of stability in an ever increasing mobile world.

Katrín Anna Lund
Háskóla Íslands
kl@hi.is

BERGUR RØNNE MOBERG

Føroyar sum bókmentalig komu-mentan
Eksotiseringar og sjálveksotiseringar hjá Williami Heinesen, Jørgen-Frantz Jacobsen og í føroyskari ferðavinnu

Alt kan blive til poesi, også det eksotiske

- William Heinesen 9.9.1960. "Notatbog fra nytår 1957"

> *Jeg har sagt, at kunsten at skrive romaner er evnen til at opfatte hovedpersonernes tanker og sanseoplevelser i et landskab.*

- Orhan Pamuk: *Den naive og den sentimentale romanforfatter* (s. 83)

Ferðir og ferðalýsingar eru týðandi evni innan bókmentir, og tær minna í summum lutum um ferðalýsingar innan ferðavinnu. Metaforgranskararnir George Lakoff og Mark Johnson (1999) nevna ferðina sum kanska ta mest vanligu myndamálsnýtsluna yvirhøvur. Henda grein kannar ímyndir um Føroyar sum ferðamál og ferðamálsmentan (destinatiónsmentan) í danskskrivaðum føroyskum bókmentum við serligum atliti at ritverkunum hjá Williami Heinesen (1900–1991) og Jørgen-Frantz Jacobsen (1900–1939). Størsti denturin verður lagdur á William, men lýst verður eisini, hvussu hann og Jørgen-Frantz báðir líta at Føroyum við stórum fráleika, sum minnir um ferðamannaeygað. Tá William og Jørgen-Frantz byrjaðu at skriva, snúði tað seg um at skriva um Føroyar og um lýsingar av Føroyum við ferðamannakendum eygum. Nakað tað sama, sum William og Jørgen-Frantz gjørdu í 20. øld við at brúka Føroyar sum attraktivt evni í mun til ein í fyrstu atløgu norðurlendskan marknað, verður endurtikið í dagsins føroysku ferðavinnu við beinleiðis koplingum millum mentan og búskap. William og Jørgen-Frantz verða settir í samband við dagsins føroysku ferðavinnu, sum er farin at brúka mentan og list sum part av vinnuførum búskapi skilt sum "wider links between tourism, culture, and society" (Squire 1994:104). William er í dag vorðin partur av ferðamannaveruleikanum, t.d. í rundvísingum á 'literary walks' í gomlu Havnini og við ferðamannavitjanum í heiminum hjá Williami og konuni Lisu Heinesen, sum er vorðið til eitt listamannaheim kallað Williamshús. Familjubakgrund Williams og hansara lív og verk eru vælegnað til breiðar lýsingar av Føroyum í og uttan fyri ferðamannahøpi. William sum listamaður og handilsmaður er sjálvur vorðin søga, sum kann koplast til ta søgu, hann samlað sæð fortaldi um Føroyar. Hansara søga roynist sum ein brúgv millum føroyska mentan og hansara margfeldu listaskapan sum rithøvundur, myndlistamaður, tónasmiður og sum eitt slag av leiklistafrøðingi. Umframt at lýsa ferðaperspektiv í verkum Williams og Jørgen-Frantz' nemur henda grein sostatt við, hvussu føroysk ferðavinna og føroyskar bókmentir møtast í brandingini av Føroyum við atliti at Williami sum býar- og tjóðarbrandi.

Listin og Føroyar sum 'nýtt' ferðavinnuland

Ferðavinna snýr seg um eittans: at selja dreymar (Schouten, 2007). William og Jørgen-Frantz vistu, at teir høvdu eina landafrøði 'høgt móti norðri', sum kundi 'seljast' ella sum kundi vekja ans millum lesarar í Danmark og á meginlandinum yvirhøvur. Av tí sama gjørdu teir nógv burtur úr at síggja Føroyar uttaneftir, og tí gjørdist ferðin, ferðandi figurar og ferðalýsingar miðstødd evni í teirra skaldskriving og skriving annars. Teir vistu, at Føroyar vóru ein 'nýggj' landafrøði, og at fátt kann fáa menniskjur at droyma so nógv sum fjar, eksotisk ferðamál sum oyggjar. Latið okkum tískil fyrst líta nærri at, hvussu føroysk ferðavinna reklamerar fyri Føroyum sum modernað ferðamannaland.

Til tess at undirstrika Føroyar í kapping við onnur ferðamál hevur Visit Faroe Islands (VFI) pallsett Føroyar sum eitt serligt slag av komu-staði ella destinatión, sum tey kalla 'Un-destination'. Í hesari kampanjuni frá 2013 verða Føroyar í tekstum og myndum presenteraðar sum ein undantakslandafrøði og sum ein attraktivur 'annar heimur' við *brandandi* orðingum sum "Untold, Unspoiled, Unexplored, Unbelievable" (www.visitfaroeislands.com). Hesi fýra orðini bera boð um eina ímynd um eitt ferðamál, sum er eitt reint, ónomið og óuppdagað land og sostatt við sterkum náttúrukapitali. Her kann man njóta at vera ferðandi og eitt slag av kanningarfara í einum 'nýggjum' ferðamáli. Føroyar verða her lýstar sum útryðja og oyggjar flestar í ferðamannahøpi: sum ein ímynd um eina serstaka landafrøði og sum eitt autentiskt stað langt burtur frá stórbýum og meginlondum. Hetta kampanjuslogan fluktar við vælkent eksotiserandi endamál í ferðavinnureklamum, sum er at

> mystify the mundane, to amplify the exotic, minimize the misery, rationalize the disquietude, and romanticize the strange. (Schouten 2007:30, tikið upp eftir G. Mason)

Til fyri stuttum hava Føroyar verið ein ferðavinnulandafrøði 'off the beaten track', men so hvørt sum kaldar oyggjar eru vorðnar meira cool ferðamál, er landið av álvara farið at merkja trýstið frá øktu ferðavinnuni. Áðrenn koronasóttin herjaði í 2020, óttaðust nógv fyri, at ferðafólkini fóru at verða so nógv í tali, at vit ikki fóru at kunna fylgja við og ikki at kunna gera neyðugu reguleringarnar í nóg góðari tíð til tess at verja árend signaturstøð ella náttúruperlur kring landið sum Saksun og Mykines.

Økta talið av ferðafólki hevur fyrst og fremst samband við væleydnaðu og succesríku kampanjurnar hjá VFI. Í øðrum reklamufilmum hjá VFI sum *Remote Tourism* (2020) eru Føroyar lýstar uttaneftir og innaneftir um somu tíð. Yvirhøvur er føroysk ferðavinna farin at brúka hesi bæði eygnabrá meira miðvíst í sínum átøkum, og tað hevur samband við, at ferðavinnan vil undirstrika mentanina á staðnum. Hetta vísir seg sum ein blandingur av vælkendari ferðavinnustrategi, sum bæði umfatar pull-faktorin og push-faktorin.

> Pull-faktorurin: Hevur samband við ta vitan, sum ferðafólk hava frammanundan um ferðamálið svarandi til vælkenda atdráttarmegi sum vøkur fjøll, strendur og frítíðarmøguleikar av ymsum slag.

> Push-faktorurin: Innanhýsis tørvur sum eitt nú ferðavinna skilt sum samleikaumsiting. Mentanin gevur ferðavinnuni og hennara ógvisligu broytingarkraft eitt aftursvar, sum ofta verður rópt mentanarlig alheimsgerð. Ein roynd at taka ferðavinnuna í egnar hendur, so man ikki verður tikin av fótum og bara tillagar seg tørvinum hjá ferðafólkum.

Við at brúka báðar hesar framferðarhættir – at toga heimin til Føroyar við eksotiskum myndum og trýsta onnur føroysk eyðkenni fram í heimsljósið enn bara vakrar landslagsmyndir og hvat ferðafólk annars vænta sær, náa reklamufilmarnir hjá VFI at koma afturum reinar eksotiseringar av Føroyum. Munur er kortini á hesum filmum og skaldskapinum hjá Williami og Jørgen-Frantz, og hann hevur ikki minst við tað at gera, at bókmentir ofta verða sagdar at vera tann mest intellektuella listagreinin, tí alskyns hugsjónir alsamt eru til viðgerðar í hesum heimi. Sama dýpd er sum vera man verri enn so í kampanjufilmum sum teimum hjá VFI.

Tað eksotiska er sum ein snarvegur til tað autentiska. Ímyndir um tað eksotiska kunnu við øðrum orðum blíva til eina ov lættkeypta fatan av tí autentiska, og tær verða av tí sama ofta klisjekendar og skræðuskoðandi. Millum bókmentafrøðingar, rithøvundar og granskarar yvirhøvur hevur eksotisering av tí sama til fyri stuttum verið í 'bad standing' í árinamikla (sosial)konstruktivistiska rákinum. Eksotisering er stødd í nøkulunda sama merkingarøki sum 'idyllur' og 'nostalgi', sum verða fatað sum ein longsul eftir nøkrum mistum, sakleysum ella horvnum. Hesi fyribrigdi verða hildin at yvirryðja kensluliga og at vera lítið meira enn innantóm hugsan. Tey eru av tí sama aftur og aftur vorðin avsannað av vísindahugsan sum bráðvakurt gyklaverk. Seinastu áratíggjuni hava verið nógvar atfinningar av yvirryðjandi kritikki innan sosio-mentanarligan maktkritikk, sum ikki hevur givið hesum umtøkum nógvar møguleikar fyri at vera tikin í álvara í modernaðari upplýstari øld. Grundgevingin tykist vera, at man her druknar í romantikki, subjektiviteti og fortíðardyrkan. Men ritverk Williams og Jørgen-Frantz vísa, at stórir skaldsligir møguleikar eru í eksotiseringum, og at hesir møguleikar hava við teirra ferðalýsingar at skaffa.

Ferðavinna millum rutur og røtur

William fekk í sínari tíð Føroyar út at flúgva við at seta land og fólk í eitt røriligt kosmopolitiskt høpi, har stað og heimur alsamt grípa hvørt inn í annað. Nú verða William og onnur føroysk listafólk brúkt av Atlantic Airways og øðrum innan ferðavinnuna til at selja Føroyar sum eitt modernað ferðamannaland. Skjótt vaksandi mentanarferðavinnan kring um í heiminum hevur havt við sær vaksandi áhuga fyri at brúka tjóðarinnar mest markantu figurar um eina leið í marknaðar- og mentanarhøpi. Teir kunnu brúkast til at branda tjóðir og býir, samstundis sum ein víðkað nýtsla av hesum figurum er vælegnað til eisini at umfata innari viðurskifti í mentanini sum samleikaumsiting. Vit síggja hesar figurar á velinum á øllum heimsins flogførum, sum branda tjóðirnar í altjóða høpi; eisini í Føroyum, har flogfør hjá Atlantic Airways hava fingið nøvn sum William (William Heinesen), Ingálvur (Ingálvur av Reyni), Sámal (S.J. Mikines), Elinborg (Elinborg Lützen). Hesi børn av tjóðunum roynast úteftir í netverkssamfelagnum sum landvinnarar og í innlendishøpi sum endurhugsan av mentanararvinum. Á henda hátt umboða hesi eitt dynamiskt krossøki millum rutur og røtur. VFI, Tórshavnar kommuna, Føroya landsstýri og nógv onnur vísa tískil stóran áhuga fyri at brúka bókmentir, tónleik og film til at modernisera brandingina av Føroyum.

Landsins stóru listanøvn verða brúkt í óvæntaðum høpi, sum ikki bara snýr seg um mentan, men eisini um kapitalistiskan kappingaranda. Á sama hátt, sum mentanin hevur brúk fyri marknaðinum, hevur marknaðurin brúk fyri mentanini til tess at geva ávísa ferðamálinum skap, so tað líkist burturúr: "To compete for tourists, a location must become a destination", sigur Barbara Kirshenblatt-Gimblett (1998:152). Stød blíva til stød við at verða ímyndað sum ávís stød. Landafrøðir og lond eru ymisk, og tey brúka í dag sín ymiskleika, síni serligu eyðkenni til at kappast um ferðafólk. Simon Anholt tosar í hesum sambandi um 'competetive identities' (Anholt 2007) og Parag Khanna um 'competetive geographies' og 'competetive connectivity' (Khanna 2016: xvii). Kampurin um at skilja seg burtur úr øðrum ferðamálum av sama slag hevur skapt tað, Andreas Reckwitz kallar eitt

singularitetssamfelag. Reckwitz undirstrikar í sínari bók *Die Gesellschaft der Singularitäten* dyrkanina av tí autentiska og makaleysa sum eitt romantiskt eyðkenni við nýggju mentanarkapitalismuni, sum spennir yvir bæði mentan og marknað.

Hóast William var ein harður kapitalismukritikari, egnar hann seg sum ein sterkt staðarhugsandi rithøvundur væl til romantisku seinkapitalismuna. William hevur eina romantiska lind í at kalla øllum, hann skrivar. Tað romantiska viðvíkur tí, sum er av einari aðrari verð. Hetta kalla hann og Jørgen-Frantz 'den anden verden', sum í stuttum er ein ímynd um Føroyar sum ein mentanarlandafrøði 'langt burturi' í tíð og stað, t.e. sæð uttaneftir við kolonialum og kontinentalum eygnabrá. Henda ímynd livir lið um lið við ein djúpan áhuga fyri staðnum og føroysku lívsverðini. Føroyar og Havnin, sum William og Jørgen-Frantz lýsa tær, eru langt burtur frá tí 'systemverden', 'planlæggende fornuft' og 'social ingeniørkunst', sum teir lærdu at kenna gjøgnum Poul Henningsen og mentanarradikalismuna. Tað romantiska elementið er tað, sum ikki passar inn nakrastaðni og minst av øllum í eitt mentanarradikalt stórbýarhøpi. Av hesum ávum hava teir og serliga William, sum livdi at kalla alla 20. øld, áhaldandi rættleiðingar til kontinentalar ismur og rák av ymsum slag herímillum tað, teir fata sum ov turrislig realisma, ov formell modernisma og ov stórbýarlig mentanarradikalisma.

Bókmentir og ferðavinna

"Interessen for min fødeby Thorshavn på Færøerne har i de senere år været i mærkbar stigen i det oversøiske, et faktum, der naturligvis kun kan glæde en ældre lokalhistorikers maniakalske hjerte" (Heinesen 1970:30). Soleiðis ljóða inngangsorðini til stuttsøgu Williams "Balladen om Dobbelt-Simon og Kildse-Kalsa." Hesi byrjanarorð vátta eitt mynstur í ritverkinum, sum er eitt møti millum eygnabráið uttaneftir (vaksandi útlendskur áhugi fyri Havnini og Føroyum) og eygnabráið innaneftir (bygdasøgurithøvundurin). Talan er um eitt ferðandi eygnabrá ella eitt eygnabrá felt inn í perspektiviskan rørileika, og tað uttan mun til um lesarin er á ferð við einum ítøkiligum ferðafólki ella um talan er um eina frásøgn, har sjónarhornið kemur ferðandi uttaneftir og fer inn og út úr mentanini. Í skaldsøguni *Det gode Håb* (1964) eru vit í ferðalagi við prestinum Peder Børresen, sum er ávegis til Føroyar úr Bergen í seinnu helvt av 1600-talinum. Í skaldsøguni *De fortabte Spillemænd* (1950) er byrjanin eitt kropsleyst frásøgufólk skilt sum eitt flúgvandi perspektiv uttaneftir fyrst í 20. øld, ið sær Føroyar úr erva sum eitt evarska lítið land miðskeiðis í havinum og sum síðan lendir í lítilleikanum og harnæst vendir sær við og lítur út móti havinum, haðani hann kom. Í øllum hesum trimum førum er eygnabráið uttaneftir eitt ferðandi eygnabrá, hóast talan ikki er um ferðafólk í vanligari fatan. Hetta ger ritverk Williams vælegnað í ferðamannahøpi, og føroysk list rúmar yvirhøvur mong onnur fordømi um tað, sum hendir í ferðavinnuni í dag. Man kann eisini siga, at eksotiserandi Føroyalýsingar í eldri útlendskum ferðafrásagnum og skaldsøgum eru fordømi um droymandi ferðamannabráið í modernaðum reklamufilmum um Føroyar sum'Un'-kampanjan.

Brimbardar strendur og strandalinjan yvirhøvur hava ein serligan leiklut í hesum sambandi. William og Jørgen-Frantz brúka báðir strandarlinjuna í miðstøddum høpum í síni skriving. Tað er lesarin vitni til í byrjanunum av skaldsøgunum *De fortabte Spillemænd* og í *Barbara* (1939) eftir Jørgen-Frantz Jacobsen. Tá samanum kemur eru báðir hesir skaldsøguheimar gjøgnumseyraðir av at gera landamarkið og dupultskoðanina innan- og uttaneftir til eitt sjálvstøðugt øki fyri frásøgnina. Hesin rørileiki millum at síggja Føroyar uttan- og innaneftir hevur í víðari forstand við strandarlinjuna at gera sum eitt symbol upp á mentanarligan hybriditet og bókmentaligar umboðanarspurdómar skilt sum ein serlig tilvitan hjá hesum rithøvundum um sína støðu og sínar søgur sum nakað, ið verður til millum mentanir, millum heim og heima. William og Jørgen-Frantz eru á henda hátt ein fyriboðan um

tað, sum er hent í ferðavinnuni seinnu árini, har VFI fyrst legði dent á at gera Føroyar kendar úti í heimi við succesríkum reklamukampanjum sum *Sheep View* (2016) til tess at fáa ferðafólk til Føroyar og nú við at leggja dent á at skipa innanhýsis viðurskifti í ferðavinnuni.

Skaldskapurin hjá Williami og Jørgeni-Frantz ger á sín egna hátt Føroyar til eitt ferðamál hjá áhugaða lesaranum. Teir skrivaðu báðir síni skaldaverk á donskum, so eisini málsliga venda teir sær innbjóðandi út móti heiminum. Men teirra verk eru sum nevnt harumframt skrivað inn í eitt høpi við nógvari ferðahugsan. Ferðavinna og bókmentir eru kortini sera ymisk fyribrigdi, so hvussu hanga tey saman í hesum destinatiónshøpi? Mike Robinson skrivar:

> There is seldom any straightforward cause-and-effect relationship between the reading of literature and the tourist act. The process of conversion from reading of literature to being a 'literary tourist' is dislocated and complex, but this is no reason to avoid exploration and examination. (Robinson 2011:40)

Hyggja vit nærri at destinatiónsaspektum í bókmentunum sjálvum, eru kortini meira og minni eyðsædd sambond millum bókmentir og ferðavinnu. Hetta ger serliga vart við seg í oyggjabókmentum, sum at kalla eru 'føddar' inn í eina ferðakenda hugsan við áhaldandi komu og fráferð. Koloniala og kontinentala tilgongdin til oyggjar hevur mest verið dæmd av objektivering og av, at man fer út á oyggjar og inn aftur á meginlandið. Eins forvitin tann ferðandi er um eksotiska ferðamálið langt burturi, eins vist hevur tað oftast verið, at skjótt verður farið avstað aftur. Nógv, sum búgva á staðnum, flyta burtur, men koma aftur á vitjan. Oyggjamentan er sostatt gjøgnumseyrað av einum serligum mynstri, har fólk koma og fara. Hesin veruleiki endurspeglast í føroyskum bókmentum. Hetta kemur til sjóndar í einari tilvitan um, at Føroyar eru eitt land, ein oyggjabólkur langt burturi. Serliga danskskrivaðar føroyskar bókmentir eru á tremur við destinatiónsaspektum, har fólk, sum koma uttaneftir, hava markantan leiklut í verkunum, og har Føroyar eisini verða sæddar uttaneftir sum ein 'nýuppdagaður' heimur, júst sum í 'Un'-kampanjuni.

Dupulteygnabrá Williams

Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. (2018b). Íslenska á tölvuöld. Í Höskuldur Þráinsson og Hans Andrias Sølvará (ritstj.), *Frændafundur 9*, 47−56. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.

Sigríður Sigurjónsdóttir, Iris Nowenstein, Þorbjörg Þorvaldsdóttir og Dagbjört Guðmundsdóttir. (2020). Contact without contact: English digital language input and its Effects on L1 Icelandic. Í Megan M. Brown og Alexandra Kohut (ritstj.), *Proceedings of the 44th Boston University Conference on Language Development* (bls. 606−619). Cascadilla Press.

ABSTRACT

‘Digital language contact between English and the insular Nordic languages’

Keywords: The Icelandic *MoLiCoDiLaCo*-project, increased English usage, digital language input, language use, Faroese, Danish

Recent technological advances have changed the language situation in Iceland and the Faroe Islands drastically by bringing Icelandic and Faroese into digital language contact with English. The increased exposure to English in Iceland was the incentive for the research project *Modeling the Linguistic Consequences of Digital Language Contact* (http://molicodilaco.hi.is), which was directed by Sigríður Sigurjónsdóttir and Eiríkur Rögnvaldsson and financed by a Grant of Excellence from the Icelandic

Research Fund in 2016–2019. 2,339 Icelandic speakers (3–98 years old) participated in the *MoLiCoDiLaCo*-project.

In this paper, I describe the results of a study which I conducted among 32 Faroese speakers (20–79 years old) in the Faroe Islands in February of 2019. The study was based on some of the input, language use, and attitude parts of the Icelandic *MoLiCoDiLaCo*-project. Here I focus on results on the participants' digital use and their daily use of spoken Faroese, Danish, and English. Although the scale of this study is only a fraction of the *MoLiCoDiLaCo*-project, the results of the Faroese study are compared to the results of the Icelandic research project.

The results of the Faroese study are similar to the results of the Icelandic research project in many ways, e.g. regarding daily speech in the mother tongue, and age differences in responses to questions regarding digital language use and daily speech in English. Younger participants use digital devices more often and speak more English daily than older participants. However, the results of the Faroese study also reflect the difference in language usage which characterizes these two countries; Icelandic has mostly been the sole language used for communication in Iceland throughout the centuries, whereas Faroese has on the other hand for a long time been in close contact with Danish. For example, Danish was the language of elementary education in the Faroes until the middle of the 20th century. This difference between the language situation in these two closely related nations is obvious in the participants' responses to questions regarding their residence abroad and their daily language use. An interesting result of the Faroese study is the age difference which surfaces regarding the participants' daily use of English and Danish. A higher percentage of younger participants (20–40 years old) speak English daily than Danish, whereas for older participants (41–79 years old), a higher percentage speak Danish daily than English.

Sigríður Sigurjónsdóttir
Háskóla Íslands
siggasig@hi.is

MARGRÉT JÓNSDÓTTIR

Um sögnina *fjarlægjast* með þágufallsandlagi

1. Inngangur[1]

Í þessari grein verður fjallað um sögnina *fjarlægjast* sem skv. *Íslenskri orðabók* (2002) merkir ‘færast fjær’. Grundvöll sagnarinnar *fjarlægjast* er að finna í sögninni *fjarlægja* að viðbættri endingunni *-st*.[2] Sögnin/sagnirnar eru í myndunar- og merkingarlegum venslum við lýsingarorðið *fjarlægur*, sbr. Ásgeir Blöndal Magnússon (1989).

Sögnin *fjarlægjast* getur verið áhrifslaus en einnig áhrifssögn sem þá úthlutar langoftast þolfalli á fyllilið; frumlagið er í nefnifalli. En í málinu eru ýmis dæmi þess að fyllilíðurinn sé í þágufalli í stað hins venjulega þolfalls. Heimildirnar ná aftur til miðrar 17. aldar og allt til samtímans. Sum dæmanna eru merkingarlega einsleit. Önnur eru það ekki, síst þau yngstu. Hér á eftir í öðrum kafla snýst umræðan um *fjarlægjast* jafnt sem áhrifslausrar sagnar sem áhrifssagnar sem tekur með sér þolfall. Í þriðja kafla er dæmasafn með ýmsum skýringum. Í fjórða kafla er fjallað sérstaklega um þágufallsandlagið. Skýringa á þágufallinu er leitað og það m.a. skoðað í samhengi við hegðun sagnanna *nálægjast* og *nálgast*. Í fimmta kafla er rætt um *fjarlægjast* sem skiptisögn. Greininni lýkur með stuttum lokaorðum.

2. Sögnin *fjarlægjast*: Andlag í þolfalli og áhrifsleysi

Fallstjórnun sagna er sígilt viðfangsefni fræðimanna sem glímt hafa við þær merkingarfræðilegu reglur sem búa eða kynnu að búa þar að baki, ekki síst þeirra sem taka með sér einn andlagslið. Í nútímamáli er fallið fremur þolfall en þágufall, formgerðarfall andspænis orðasafnsfalli. En eins og lesa má hjá ýmsum, t.d. Eiríki Rögnvaldssyni (2000), Jóhönnu Barðdal (2001, 2011) og Joan Maling (2002:38–39), hefur tíðni þágufallsandlagsins aukist á kostnað tíðni andlags í þolfalli frá því sem var í fornu máli, m.a. vegna nýrra tökusagna sem oft fylgir þágufallsandlag.

Eins og áður sagði er sögnin *fjarlægjast* ýmist áhrifslaus eða áhrifssögn sem langoftast úthlutar þolfalli á fyllilið. Hér koma þrjú dæmi. Í því fyrsta er sögnin áhrifslaus en í hinum tveimur úthlutar hún þolfallsandlagi.

(1) a. Skipið **fjarlægist** hratt.

b. Páll **fjarlægðist** fjölskyldu sína.

c. Stjórnin **fjarlægðist** markmið sín.

Hér er lýst afstöðubreytingu: e-ð stækkar frá því sem áður var, færist fjær~fjarri, viðmiðunarstaðnum. Tengslin eru gagnkvæm. Þrátt fyrir að fjarlægðin sé mælanleg er virkni frumlagsins breytileg. Stundum eru gjörðir þess meðvitaðar, sbr. t.d. *Páll **fjarlægist** fjölskyldu sína meðvitað*. Þá er frumlagið gerandi enda færir það sig fjær andlaginu sem er kyrrstæður viðmiðunarpunktur. Frumlagið getur einnig verið

[1] Greinin er að stofni til fyrirlestur sem höfundur ætlaði að flytja á Frændafundi í Þórshöfn sumarið 2019. Það varð þó ekki þar sem höfundurinn forfallaðist.

[2] Að uppruna er *-st* afturbeygt fornafn, samvísandi við undanfara sinn. Fornafnið var endurtúlkað og fékk um leið málfræðilegt hlutverk (e. *grammaticalization*); sjá t.d. Hopper og Traugott (2004:159–162).

þema, sbr. t.d. *Hann **fjarlægist** húsið hröðum skrefum*. Hér sem fyrr verður andlagið ekki fyrir neinu og það er kyrrstætt.[3]

3. Sögnin *fjarlægjast* með þágufallsandlagi[4]

Í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans eru fimm dæmi (af tólf) þess að *fjarlægjast* úthluti þágufalli. Dæmin í (2), sem eru úr safninu, eru öll gömul, það yngsta frá miðri 19. öld. Hér koma fjögur. Þrjú þeirra eru efnislega skyld þar sem menn fjarlægjast guði, mótstöðumanni og kotungi, hins vegar „staðnum“, þ.e. sjónum.

(2) a. …hann …hefur **fjarlægzt** vorum guði, en samlagazt djöflinum…
Alþingisbækur Íslands VI, bls. 167 (1646)

b. …ég varð hjartanlega feginn að **fjarlægjast** þessum mínum mótstöðumanni.
Sjálfsævisaga síra Þorsteins Péturssonar, bls. 174 (síðari hluti 18. aldar)

c. …vegurinn liggur beint áfram og **fjarlægist** sjónum smátt og smátt.
Ferðabók Tómasar Sæmundssonar, bls. 272 (mið 19. öld)

d. … því völd og virðing fylgjast mjög að, og konungur vill sem mest **fjarlægjast** kotungnum…
Norðri 12. tbl. 1856, bls. 45

Dæmin um *fjarlægjast* með þágufallsandlagi sem hafa fundist á *Tímarit.is* eru ekki mörg.[5] Þau ná aftur til nítjándu aldar. Hér sem fyrr fjarlægjast menn guði. Yngstu dæmin eru þessi.

(3) a. Því það er líka til annar vegur, sem fer í þveröfuga átt; og það er að spillast, ***fjarlægjast*** guði…
Aldamót 1903, bls. 44

b. ...þið ***fjarlægist*** *henni* [„systur“ bréfritara= Ísland] alls ekki fyrir það.
Heimskringla 44. tbl. 1926, bls. 2

c. …og ferðalok Jónasar ***fjarlægjast*** hugum ungra Íslendinga.
Tíminn 90. tbl. 1960, bls. 4

[3] Hugtakið *mark* (e. *goal*) „er sá staður sem einhver hreyfing stefnir á eða það/sá sem tekur við einhverju“, sbr. Höskuld Þráinsson (2005:321). Sögnin *fjarlægjast* lýsir hins vegar stefnu frá viðmiðunarstað sínum.

[4] Heimilda um sögnina var leitað á *Tímarit.is* (dæmi allt frá 18. öld), í *Ritmálssafni Orðabókar Háskólans* (dæmi frá 1540), sjá ritmalssafn.arnastofnun.is (í báðum söfnunum undir flettunni *fjarlægja*), í *Risamálheildinni*, sjá malheildir.arnastofnun.is, og svo á Netinu (með hjálp Google); í Risamálheildinni og á Netinu var síðast leitað í júní 2020. Risamálheildin gerir nútímamálinu best skil. Leit í *Ordbog over det norrøne prosasprog*, Kaupmannahafnarháskóla, sjá onp.ku.dk/onp/onp.php, var árangurslaus. Þess ber að geta að í orðabók Cleasby og Vigfússon (1874:156) um fornmálið eru skráð tvö dæmi um sögnina *fjarlægjast*. Ekki er þó hægt að átta sig á vísununum til þeirra.

[5] Á *Tímarit.is* eru (í mars 2020) um rúmlega tólf þúsund dæmi um sögnina *fjarlægjast* (í öllum myndum). Því var alls ekki hægt að skoða hvert eitt og einasta dæmi eins og þó hefði verið æskilegt, m.a. til að fjarlægja dæmi sem hefðu getað verið lýsingarorð, sbr. *fjarlægst*. En öll dæmi fram um 1920 voru skoðuð; frá þeim tíma var leitað eftir ákveðnu kerfi og próf tekin.

d. … nauðsyn okkar á því að tengjast stærri heildum og **fjarlægjast** hinni stórhættulegu Bandaríkjastjórn…
Fréttablaðið 250. tbl. 2004, bls. 16

Í Risamálheildinni eru nokkur dæmi (sum einnig á *Tímarit.is*) þess að *fjarlægjast* úthluti þágufalli. Þau eru öll frá þessari öld. Hér koma fimm. Í einu þeirra kemur guð við sögu rétt eins og í a.-dæmunum í (2) og (3).

(4) a. …hafi meðvitað reynt að **fjarlægjast** stjórnvöldum…
Dv.is 2010

b. …staðsetning fangelsisins **fjarlægist** höfuðborgarsvæðinu.
Vísir.is 2011

c. Útlitið versnar … fyrir Arsenal sem **fjarlægist** Meistaradeildarsætunum.
Fótbolti.net 2017

d. En mér þykir það leitt að fólk **fjarlægist** Guði og Jesú.
Eyjafréttir.is 2017

e. …þegar lægðin færist til norðausturs og **fjarlægist** landi.
Rúv.is 2017

Nokkur finnast einnig á Netinu (Google leitarvél). Hér koma tvö sem einungis eru þar.

(5) a. Það er svolítið merkilegt hvernig maður ***fjarlægist*** *fólki* sem maður átti svo mikið saman með...
ludvik.blog.is 2007

b. Síðan liðu árin og ég ***fjarlægðist*** *kirkjunni* sem slíkri…
ransy58.com

Öll dæmin sýna í raun og veru hið sama enda merking sagnarinnar einsleit: Frumlagið fjarlægist andlag sitt, hvers eðlis sem það er. Dæmin ná aftur til miðrar 17. aldar og fram á þessa. Samfella er í aldursröðinni og ekkert sem bendir til þess að þágufallið hafi horfið á einhverju tímabili. Í nútímamáli getur þolfall komið í stað þágufallsins í öllum dæmunum.

4. Nánar um þágufallsandlagið

Eins og komið hefur fram þá úthlutar *fjarlægjast* í langflestum tilvikum þolfalli. Flestar heimildir hníga að því að það sé hið upprunalega fall, hið sjálfgefna fall. Andspænis því er þá þágufallið, orðasafnsfallið.

Vel er hugsanlegt að mörg dæmanna um þágufallið beri ákveðinni (og gamalli) merkingu vitni. En í allmörgum tilvikum er vísað til valdsins, ef svo má að orði komast, og þá jafnvel hins andlega eða óefniskennda. Þetta má t.d. sjá í ýmsum dæmum sem sýnd voru hér að ofan, t.d. a., b. og d. í (2), a. í (3) og d. í (4). Sá galli er hins vegar á þeirri skýringu að í nútímanum fáum við ekki séð að þágufallið skipti neinu máli merkingarlega. Þolfallið geti auðveldlega leyst það af hólmi.

Í framhaldi af því sem hér hefur komið fram er forvitnilegt að skoða sagnirnar *nálægjast* og *nálgast* sem eru samheiti. Samkvæmt *Íslenskri orðabók* (2002) merkir

nálægjast ‘koma nær, nálgast’ en *nálgast* ‘koma nær, nálægjast’.[6] Andheiti þeirra beggja er sögnin *fjarlægjast*. En það eru ekki aðeins þessi merkingarlegu atriði sem skipta máli heldur er hegðan sagnanna lík að mörgu leyti. Enda þótt meginreglan sé sú að bæði *nálægjast* og *nálgast* úthluti þolfalli á fyllilið eru mörg dæmi um þágufall rétt eins hjá *fjarlægjast*. Um það eru dæmi allt frá fornu máli til nútímamáls. Merkingarleg líkindi eru einnig mikil. Í dæmum a. og c. hér á eftir *nálgast/nálægjast* menn himninum/guði.

Hér koma fjögur dæmi, tvö um hvora sögn.

(6) a. …að þeir **nálgist** himninum…
Norðanfari 35.–36. tbl. 1876–1877, bls. 69/*Tímarit.is*

b. Flokkur fólksins…er farinn að **nálgast** lágmarkinu sem tryggir þingsæti.
Eyjan (2016)/malheildir.arnastofnun.is

c. Enginn syndari eða ófrelsuð sál getur ***nálægst*** Guði…
Trú 12. tbl. 1904–1905, bls. 92/*Tímarit.is*

d. …því hann ***nálægðist*** hestinum meir og meir.
hugi.is (mars 2020)/Netið (Google)

Í sambandi við sagnirnar *nálægjast* og *nálgast* er vert að minnast á sagnir sömu merkingar í skyldum málum.[7] Í færeysku úthlutar sögnin *nærkast* þágufalli á andlagi sínu, sbr. *Hann nærkaðist bygdini* (sjá *sprotin.fo*). Reinhammar (1973:132–133) nefnir sagnirnar *nåkas* ‘komma nära, ha nära till, nå’ sem dæmi um sagnir með þágufallsandlagi í sænskri og norskri mállýsku. Það gera sagnirnar *nå* og *närma sig* raunar líka sums staðar. Það sama gerir líka þýska sögnin *nahen* ‘näher kommen; zugehen’, sbr. *Der grosse Duden. Bededeutungswörterbuch* (1970).[8]

5. Sögnin *fjarlægjast* sem skiptisögn

Það eru ekki aðeins guð og trúin sem þá koma oft við sögu í tengslum við sögnina *fjarlægjast* heldur líka tilfinningar og skynjun. Næsta dæmi sýnir þetta vel. Rökliðirnir eru annars vegar lifandi vera, hér í þágufalli, hins vegar óefniskenndur heimur, hér í nefnifalli.[9]

(7) a. …þekkti hún mig ekki, enda ***fjarlægðist henni*** **hinn ytri heimur**…
Morgunblaðið 45. tbl. 2016, bls. 23/*Tímarit.is*

[6] Sögnin *nálgast* er mjög algeng sögn. Í Risamálheildinni eru t.d. 98.582 dæmi í júlí 2020. Á hinn bóginn er *nálægjast* lítið notuð. Það vottar dæmafæðin í sömu heimild; þar eru sex dæmi um *nálægjast* (öll undir lemmunni *nálægja*). Úthluti sögnin falli er það alltaf þolfalli. Sjá nánar um sögnina *nálægjast* í grein Margrétar Jónsdóttur (2020).

[7] Þágufallsandlag má finna í skyldum málum en er eiginlega alls staðar á fallanda fæti. Um færeysku hafa t.d. skrifað Jóhannes Gísli Jónsson (2009) og Malmsten (2015). Í máli beggja kemur vel fram að það eigi mjög í vök að verjast. Rannsóknir Reinhammar (1973, 1988) á þágufalli í sænskum og norskum mállýskum sýna að þágufallið lætur undan (þó að nokkru háð orðflokkum). Sandøy (2005:227) segir að í flestum norskum mállýskum hafi staða þágufallsins breyst, það hafi jafnvel horfið. Það muni þó lifa e-ð áfram fram á öldina hjá þeim sem það nota. Um rómdælsku segir Sandøy (2012:320) hins vegar síðar að sögnum sem úthluti þágufallsandlagi hafi fjölgað mjög. Ástæðan sé merkingarfræðilegs eðlis.

[8] Um þýsku má lesa í eftirbáti hjá Maling (2002:104–105).

[9] Í venjulegu máli væri frumlagið, persónan, í nefnifalli en ekki þágufalli eins og í (6) og andlagið í þolfalli en ekki í nefnifalli: (i) Hún *fjarlægðist* hinn ytri heim.

Þá ályktun virðist mega draga að sögnin *fjarlægjast* sé hér skiptisögn.[10] Hjá slíkum sögnum er hægt að líta á „verknað“ sagnarinnar frá tveimur sjónarhornum sem merkir að báðir rökliðir geta verið frumlög eða andlög. Þetta má sjá með prófum:

(8) a. *Henni* hefur **fjarlægst** *hinn ytri heimur*./
Hefur *henni* **fjarlægst** *hinn ytri heimur*?

b. *Hinn ytri heimur* hefur **fjarlægst** henni. /
Hefur *hinn ytri heimur* **fjarlægst** *henni*?

Í a. er *henni* frumlag en *hinn ytri heimur* andlag, þ.e. [rökliður$_1$ (ÞGF) rökliður$_2$ (NF)] en b. er það *hinn ytri heimur* sem er frumlag en *henni* andlag, þ.e. [rökliður$_1$ (NF) rökliður$_2$ (ÞGF)]. Í báðum setningunum sést að frumlagið fer næst á eftir persónubeygðri sögn. Í þessum tveimur undanfarandi dæmum er freistandi að líta svo á að þágufallið hafi merkingarlega stöðu *reynanda*/*skynjanda* enda verið að lýsa því sem maður stýrir ekki.

Hér hefur því verið haldið fram að sögnin *fjarlægjast* geti verið skiptisögn. Tvennt kemur á óvart. Dæmið er ungt og það er stakt enda eina örugga dæmið sem fundist hefur. Hvort tveggja gæti verið tilviljun. Ungur aldur er þó í nokkurri mótsögn við þá skoðun fræðimanna að skiptisögnum hafi jafnvel fækkað frá því sem var í fornu máli, sbr. Jóhönnu Barðdal (1999:93); einnig Heimi Frey Viðarsson (2009:25). En setningagerðin kemur samt ekki á óvart; vegna merkingar ýmissa annarra dæma má jafnvel segja að hún liggi í loftinu. Gömul dæmi gætu því alveg eins verið til. Þess ber jafnframt að geta að engin sambærileg dæmi hafa fundist með sögnunum *nálægjast* og *nálgast*. Af merkingu þeirri sem dæmin um *nálægjast* sýna kæmi slíkt þó ekki alveg á óvart.[11] Á hinn bóginn verður að hafa í huga að skiptisagnir eru ekki flokkur sagna heldur er um að ræða sérstaka setningagerð, sbr. einnig Heimi Frey Viðarsson (2009:50).

Lýsingarorðið *fjarlægur* hefur alla tíð tekið með sér andlagsþágufall rétt eins og sögnin hefur getað. Hvort það hefur haft einhver áhrif á fallstjórnun verður aldrei skorið úr um þrátt fyrir merkingarlegan skyldleika. Ekki verður heldur séð að aðrar sagnir hafi haft áhrif á *fjarlægjast*, né heldur *nálgast* og *nálægjast* nema þær þá hvor á aðra. Raunar er það svo að sagnirnar eiga sér ekki við hlið aðrar sagnir að samheiti heldur er slík merking alltaf tjáð með einhvers konar orðasambandi. En á hinn bóginn er það ljóst að (merkingarlega) tengdar sagnir geta fylgst að. Dæmi um slíkt eru t.d. samstíga breytingar í fallstjórnum sagnarinnar *fjölga* og andheitis hennar, *fækka*; sjá nánar Margréti Jónsdóttur (2015).

6. Lokaorð

Viðfangsefni greinarinnar er sögnin *fjarlægjast* með þágufallsandlagi, skoðuð í sögulegu jafnt sem samtímalegu ljósi. Allmörg dæmanna sýna merkingarlega einsleitni, einkum þó þau eldri. Þau yngri eru ekki merkingarbundin. Hvort það tengist því að sögnum með þágufallsandlagi hefur fjölgað er erfitt að segja.

Dæmin um þágufallsandlagið eru alls ekki mörg í ljósi heildarfjölda dæma með sögninni *fjarlægjast* eins og fram kom í þriðja kafla. En þá ber að hafa í huga að dæmin með þágufallsandlaginu spanna tímann allt frá 17. öld fram til þessarar aldar án þess að rof verði. Sögnin *nálægjast* með þágufallsandlagi sýnir sömu hegðun og *fjarlægjast*, einnig *nálgast* þó í minna mæli sé.

[10] Um skiptisagnir og eðli þeirra má t.d. lesa hjá Jóhönnu Barðdal (2001:54–55) og Heimi Frey Viðarssyni (2009:22–23).

[11] Lýsingarorð geta verið tvíátta rétt eins og sagnir, sbr. t.d. MA-ritgerð Kristínar Þóru Pétursdóttur (2014). Um lýsingarorðið *fjarlægur* kemur fram ákveðin óvissa, sjá bls. 47.

HEIMILDIR

Ásgeir Blöndal Magnússon. (1989). *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans.

Cleasby, Richard og Guðbrandur Vigfússon. (1874). *Icelandic English Dictionary. Based on the Ms. collections of the late Richard Cleasby. Enlarged and completed by Gudbrand Vigfusson*. Clarendon Press.

Eiríkur Rögnvaldsson. (2000). Föll og kyn að fornu og nýju. Í Guðrún Kvaran, Jón G. Friðjónsson og Gunnlaugur Ingólfsson (ritstj.), *Orðhagi. Afmæliskveðja til Jóns Aðalsteins Jónssonar 12. október 2000* (bls. 36–38).

Der grosse Duden. Bedeutungswörterbuch. (1970). Band 10. Bibliographisches Institut Dudenverlag.

Heimir Freyr Viðarsson. (2009). Tilbrigði í fallmörkun aukafallsfrumlaga. Þágufallshneigð í fornískensku? *Íslenskt mál og almenn málfræði*, *31*, 15–66.

Hopper, Paul J. og Elizabeth Closs Traugott. (2004). *Grammaticalization*. Cambridge University Press.

Höskuldur Þráinsson. (2005). *Setningar*. Almenna bókafélagið.

Íslensk orðabók. (2002). Ritstjóri: Mörður Árnason. 3. útgáfa, aukin og endurbætt. Edda.

Jóhanna Barðdal. (1999). The dual nature of Icelandic psych-verbs. *Working Papers in Scandinavian Syntax, 64,* 79–101.

Jóhanna Barðdal. (2001). *Case in Icelandic – A Synchronic, Diachronic and Comparative Approach.* Dept. of Scandinavian Languages, Lund University.

Jóhanna Barðdal. (2011). The rise of dative substitution in the history of Icelandic: A diachronic construction grammar approach. *Lingua, 121*(1), 60–79.

Jóhannes Gísli Jónsson. (2009). Verb classes and dative objects in Insular Scandinavian. Í Jóhanna Barðdal og Shobhana L. Chelliah (ritstj.), *The Role of Semantic, Pragmatic and Discourse Factors in the Development of Case* (bls. 203–224). John Benjamins.

Kristín Þóra Pétursdóttir. (2014). „*Tungan er málinu vọn*.“ Um lýsingarorð sem stýra þágufalli. Ritgerð til MA-prófs í íslenskri málfræði. Háskóli Íslands, Reykjavík. http://hdl.handle.net/1946/17722.

Maling, Joan. (2002). Það rignir þágufalli á Íslandi. Verbs with dative objects in Icelandic. *Íslenskt mál og almenn málfræði, 24*, 31–105.

Malmsten, Solveig. (2015). *Dativ i modern färöiska: En fallstudie i grammatisk förändring*. Institutionen för nordiska språk.

Margrét Jónsdóttir. (2015). From accusative to dative (via nominative): The case of *fjölga* ‘increase’ and *fækka* ‘decrease’ in Icelandic. Í Martin Hilpert, Jan-Ola Östman, Christine Mertzlufft, Michael Rießler og Janet Duke (ritstj.), *New Trends in Nordic and General Linguistics* (bls. 181–201). DeGruyter.

Margrét Jónsdóttir. (2020). „Vér nálægjumst guði.“ Um sögnina *nálægjast* með þágufallsandlagi. *Ritröð Guðfræðistofnunar 50*, 104–117.

Reinhammar, Maj. (1973). *Om dativ i svenska och norska dialekter*. 1. *Dativ vid verb*. Almqvist & Wiksell.

Reinhammar, Maj. (1988). Om dativ i svenska och norska dialekter. 2. Dativ vid adjektiv. *Svenska landsmål og svenskt folkliv 1987*, 7–62.

Sandøy, Helge. (2005). The dative case in Old Norse, Modern Norwegian and Modern Faroese. *Nowele, 46*/*47*, 227–241.

Sandøy, Helge. (2012). Syntatisk og semantisk styrt dativ. Í Unn Røyneland og Hans-Olav Enger (ritstj.), *Fra holtijar til holting. Språkhistoriske og språksosiologiske artikler til Arne Torp på 70-årsdagen* (bls. 319–338). Novus.

VEFGAGNASÖFN

Ordbog over det norrøne prosasprog. https://onp.hum.ku.dk

Risasmálheildin. https://malheildir.arnastofnun.is

Ritmálssafn Orðabókar Háskólans. https://arnastofnun.is

Sprotin. www.sprotin.fo

Tímarit.is. https://timarit.is/

ABSTRACT

‘About the verb *fjarlægjast* with a dative object’

Keywords: The verb *fjarlægjast*, syntax, object case, history of Icelandic

This paper undertakes the task of case assignment of the verb *fjarlægjast* ‘grow more distant’ in Icelandic. The discussion is diachronic as well as synchronic.

Normally, the verb *fjarlægjast* takes an accusative object. But some examples of a dative object can be found. In many of the cases the meaning refers to some kind of divine power. However, there are examples, especially the younger ones, which do not show any kind of semantic hindrance. Furthermore, it is argued that *fjarlægjast* could behave as a symmetric verb.

The dative case with *fjarlægjast* is discussed further to find a reasonable explanation for it. In which case, it is worth mentioning that the verbs *nálgast* ‘approach’, and its synonym *nálægjast*, in many instances show the same behaviour as *fjarlægjast*, their antonym.

Margrét Jónsdóttir
Íslensku- og menningardeild
mjons@hi.is

SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR, VICTORIA ABSALONSEN OG
HÖSKULDUR ÞRÁINSSON

Íslenskar og færeyskar *mýs*: Um fleirtölu í íslensku og færeysku barnamáli

1. Inngangur

Í þessari grein verður m.a. leitast við að svara eftirfarandi spurningu:

(1) Hvernig og hvenær læra íslensk og færeysk börn fleirtölu nafnorða, til dæmis *koddi – koddar*, *púta – pútur*, *hundur – hundar*, *glas – glös/gløs, mús – mýs*?

En af hverju er áhugavert að vita svarið við þessari spurningu? Ástæðurnar eru m.a. þessar:

(2) Málfræðingar vilja vita og skilja hvernig börn læra móðurmál sitt. Þekking á því eykur skilning okkar á eðli tungumála almennt. Athuganir á því sem er líkt og ólíkt í tungumálum geta varpað ljósi á eðli tungumála og samanburður á fleirtölu í íslensku og færeysku (og ensku) barnamáli getur verið liður í þessu.

Skipulag greinarinnar er á þessa leið: Fyrst verður sagt stuttlega frá rannsókn á barnamáli sem bandaríski málfræðingurinn Jean Berko (síðar Gleason) birti árið 1958. Sú rannsókn vakti mikla athygli á sínum tíma og hafði mikil og varanleg áhrif því að hún varpaði nýju ljósi á það hvernig börn tileinka sér móðurmál sitt. Síðan verður gerð grein fyrir niðurstöðum úr hliðstæðri rannsókn á því hvernig íslensk börn um fjögurra og sex ára aldur ná tökum á fleirtölu íslenskra nafnorða og þær niðurstöður bornar saman við það hvað fullorðnir íslenskir málnotendur gerðu þegar málkunnátta þeirra var prófuð á sama hátt. Þar á eftir verður sagt frá sams konar könnun á fleirtölu í máli færeyskra barna og fullorðinna og í síðasta kaflanum eru niðurstöðurnar bornar saman og ræddar.

2. Rannsókn Jean Berko og prófið hennar

Á síðari hluta síðustu aldar fóru málfræðingar að fá aukinn áhuga á eðli málkunnáttunnar og fóru að leita svara við spurningum á borð við þessar:

(3) a. Hvað felst í því að kunna tungumál?
b. Hvernig verður málkunnáttan til?
c. Hvernig getur málkunnáttan breyst?
d. Hvernig getum við nýtt okkur þekkingu á eðli málkunnáttunnar til að átta okkur á málnotkun, málbreytingum o.s.frv?

Á sjötta áratug aldarinnar var bandaríski sálmálfræðingurinn Jean Berko að vinna að doktorsrannsókn í þessum anda og birti greinina „The child's learning of English morphology", byggða á þessari rannsókn (Berko 1958). Þar gerði hún m.a. grein fyrir því hvernig börn sem alast upp í ensku málumhverfi ná tökum á fleirtölu nafnorða. Nýjung hennar fólst í því að nota sérstakt próf til að kanna fleirtölukunnáttuna. Í prófinu var þátttakendum fyrst sýnd mynd af einhverju vel þekktu dýri eða hlut og sagt hvað það hét. Ef myndin var af hundi var þá sagt *This is a dog*. Síðan kom samsvarandi mynd með tveim hundum og þá áttu þátttakendur að botna setningu á

borð við *There are two* __ með því að koma með fleirtöluna *dogs*. Meginatriðið í aðferðinni var hins vegar það að þátttakendum voru ekki bara sýndar myndir af þekktum dýrum eða hlutum heldur einnig teiknaðar fígúrur sem voru gefin tilbúin nöfn. Þekktasta kvikindið í prófinu var einhvers konar fugl sem var kallaður *wug*. Fleirtalan var kölluð fram eins og sýnt er á meðfylgjandi mynd:



Mynd 1: Dæmi úr prófi Berko 1958.

Eins og sjá má af myndinni var þarna verið að kanna hvort þátttakendur gætu myndað fleirtölu af nafnorði sem þeir höfðu aldrei heyrt. Með þeirri aðferð var verið að kanna hvort þeir hefðu tileinkað sér þær almennu reglur sem gilda um myndun fleirtölu af nafnorðum í ensku. Þær eru reyndar mjög einfaldar og felast bara í því að bæta *-s* við stofninn. Framburður þessarar endingar ræðst hins vegar af því á hvers konar hljóði stofninn endar. Ef það er raddað hljóð er endingin borin fram [z] (sbr. *dog – dogs*), ef það er óraddað verður endingin [s] (sbr. *cat – cats*) og ef það er einhvers konar *s*-hljóð verður endingin [iz] (sbr. *glass – glasses*). Ef Berko hefði aðeins prófað kunnáttu þátttakendanna á fleirtölumyndum þekktra orða, eins og t.d. *dog*, *cat* og *glass*, og þeir hefðu gefið rétta fleirtölumynd hefði það ekki sýnt á ótvíræðan hátt að þeir hefðu náð tökum á almennu reglunni. Þeir hefðu eins getað verið búnir að læra þessar tilteknu fleirtölumyndir utan að. En með því að nota líka tilbúin orð og myndir af óþekktum fyrirbærum var hægt að kanna hvort þátttakendur hefðu tileinkað sér þær reglur sem gilda í málinu og væru færir um að beita þeim á nýtt og óþekkt efni. Tilgáta Berko var sem sé sú að þannig færi máltakan fram – þ.e. að börn lærðu ekki bara utan að þær orðmyndir sem þau heyrðu heldur tileinkuðu sér (ómeðvitað, auðvitað) reglur málsins.

Rannsókn Berko staðfesti tilgátu hennar í aðalatriðum: Börn tileinka sér snemma ýmsar reglur í því máli sem þau alast upp við, svo sem regluna um það hvenær fleirtöluending enskra nafnorða er [-z] (sbr. *wug – wug**s***), hvenær hún er [-s] (sbr. *bik – bik**s***, *heaf – heaf**s***) og hvenær [-iz] (sbr. *tass – tass**es***), en það tekur þau reyndar svolítinn tíma. Þetta sýnir að þau læra málið ekki „utan að“, ef svo má segja, t.d. ekki fleirtölu nafnorða orð fyrir orð, nema þá að hún sé óregluleg (sbr. *child – children*). Þetta var mjög merkileg niðurstaða árið 1958 þótt málfræðingum þyki þetta kannski sjálfsagt núna.

Þar sem ætlunin er að bera niðurstöður úr íslensku og færeysku saman við niðurstöður Berko um ensku er rétt að lýsa rannsókn hennar nokkru nánar. Í (4) eru sýnd þau orð sem hún notaði í fleirtöluhluta prófs síns:[1]

[1] Berko prófaði ýmislegt fleira í rannsókn sinni, svo sem eignarfalls-*s*, reglulegar sagnmyndir, myndun lýsingarorða o.fl. Hér verður ekki fjallað um þau atriði.

(4) **Þekkt orð:** *glass – glass**es***
Óþekkt orð:
[-z]- orð: *wug – wug**s***
*lun – lun**s***
*tor – tor**s***
*era/kra – era**s**/kra**s***
[-s]-orð: *bik – bik**s***[2] (reyndar bara í „eignarfalli“: *bik‘**s***)
*heaf – heaf**s***
(fleirtalan *heaves* væri ekki út í hött, sbr. *leaf - leaves*)
[-iz]-orð: *tass – tass**es***
*gutch – gutch**es***
*kazh – kazh**es***
*niz – niz**es***

Þátttakendur í rannsókninni skiptust í þá hópa sem lýst er í (5):

(5)

	♂	♀	samtals
forskóli (4–5 ára)	7	12	= 19
1. bekkur (5–7 ára)	26	35	= 61
fullorðnir (20–30 ára)	5	7	= 12

Niðurstöður má draga saman eins og sýnt er í (6):

(6) a. Fullorðnir gerðu allt „rétt“ (þ.e. svöruðu eins og búist var við)
b. Þátttakendur þekktu yfirleitt fleirtölu þekkta orðsins *glass* (75% 4 ára, 99% 6 ára).
c. Þátttakendum gekk álíka vel að mynda [-z]-fleirtölu og [-s]-fleirtölu af óþekktum orðum (nema helst *era/kra* reyndist erfitt, hefur líklega þótt óeðlilegt orð): 4 ára 58–79% rétt, 6 ára 80–97% rétt.
d. [-iz]-fleirtalan reyndist erfiðust: 4 ára 14–28% rétt, 6 ára 33–39% rétt.

Enginn kynjamunur kom fram í niðurstöðunum. Meðaltöl hópanna (% rétt) má sýna á súluriti eins og gert er á *mynd 2*:



Mynd 2: Niðurstöður úr fleirtöluprófi Berko, flokkaðar eftir aldri þátttakenda.

[2] Reyndar var það bara „eignarfallið“ *bik’s* sem var prófað af þessu orði en um tilbrigði í eignarfallsmerkinu ’*s* í ensku gilda sömu reglur og um fleirtöluendinguna.

Eins og fram kom í (4) hér á undan var aðeins prófuð fleirtala á einu þekktu orði, þ.e. *glass*. Á *mynd 2* má sjá að næstum öll eldri börnin vissu hvernig hún átti að vera og mörg þeirra yngri líka. Þeir fullorðnu voru alveg sammála um fleirtölu óþekktu orðanna en þar vandaðist málið fyrir börnin: Ef tekið er meðaltal af öllum orðunum voru svör yngri barnanna aðeins rétt í rúmlega 50% tilvika en hátt í 70% tilvika hjá þeim eldri. En eins og lýst er í (6) hér á undan eru það einkum tilbúnu [-iz]-orðin sem ollu erfiðleikum hjá börnunum. Niðurstöðurnar sýndu því að börnin eru að verulegu leyti búin að ná tökum á ensku fleirtölureglunni á þessu aldursskeiði, sérstaklega þau eldri.

En skyldi það vera eins auðvelt fyrir íslensk og færeysk börn að ná tökum á fleirtölu nafnorða? Eins og flestir vita er fleirtala nafnorða í íslensku og færeysku mun margbreytilegri en í ensku þótt hún sé að verulegu leyti regluleg. Í báðum málunum fer fleirtalan m.a. eftir málfræðilegu kyni og beygingarflokki nafnorðsins og fleirtöluendingarnar eru af ýmsum gerðum, til dæmis *-ar* (*hundur – hund-ar*, *ár – ár-ar*), *-ir* (*fund-ur – fund-ir*, *sól – sól-ir*), *-ur* (*sápa – sáp-ur*), stundum er engin ending (*horn – horn*), stundum er hljóðvarp (*glas – glös*) o.s.frv.[3] Til þess að vita hvernig fleirtalan á að vera þurfa íslensku og færeysku börnin því að átta sig á kyni nafnorðsins og beygingarlegum eiginleikum. Þess vegna mætti búast við því að það tæki þau lengri tíma en enskumælandi börn að tileinka sér fleirtölureglurnar. Í næstu köflum munum við sjá hvort þetta er rétt hugboð.

3. Íslenskar niðurstöður

Eins og áður var nefnt gilda miklu flóknari reglur um fleirtölu íslenskra nafnorða en enskra. Þær ráðast af kyni orðsins og beygingarflokki, m.a. því hvort beygingin er sterk eða veik, og fleirtöluendingarnar eru margvíslegar og ekki alltaf fyrirsegjanlegar út frá stofni orðsins í nútímamáli. Í (7) er stutt upprifjun um þetta:

(7) Upprifjun um fleirtölu íslenskra nafnorða:
   a. Fleirtala „reglulegra“ sterkra karlkyns- og kvenkynsorða er ekki alltaf algjörlega fyrirsegjanleg í íslensku en **fleirtala sterkra hvorugkynsorða er fyrirsegjanleg** (engin ending, *u*-hljóðvarp ef /a/ er í stofni):
      kk. *hundur – hund**ar**, fundur – fund**ir*** (endingin ekki fyrirsegjanleg)
      kvk. *nál – nál**ar**, sól – sól**ir*** (endingin ekki fyrirsegjanleg)
      hk. *rúm – rúm, glas – gl**ö**s* (endingarlaus, reglulegt hljóðvarp)
   b. Fleirtala **veikra nafnorða** er (næstum algjörlega) **fyrirsegjanleg** út frá kyni nafnorðsins:
      kk. *koddi – kodd**ar**, málari – málar**ar***
      (ath. þó þjóðaheiti: *Dani – Dan**ir***)
      kvk. *sápa – sáp**ur**, gata – g**ö**t**ur*** (reglulegt hljóðvarp ef *-a-* er í stofni)
      hk. *auga – aug**u***

Það eru **lítil tilbrigði** (mállýskumunur) í fleirtölu nafnorða í íslensku, en þau eru þó til (sbr. *ref**ir**/ref**ar***, *síld**ir**/síld**ar*** ...). Ef ætlunin er að kanna hvenær og hvernig íslensk börn ná tökum á fleirtölu nafnorða þarf að hafa þessi atriði í huga.

Í íslensku rannsókninni sem hér verður sagt frá var notað sérstakt fleirtöluprof sem Sigríður Magnúsdóttir og Höskuldur Þráinsson sömdu upphaflega árið 1979 en hefur verið endurskoðað síðan (Höskuldur Þráinsson og Sigríður Magnúsdóttir 2013). Það var fyrst samið til að kanna málþroska barna og m.a. notað í umfangsmikilli rannsókn á íslensku barnamáli (Indriði Gíslason o.fl. 1986). Það prófar fleirtölu algengra þekktra nafnorða og tilbúinna nafnorða sem ættu að fá

[3] Öll þau orð sem hér voru nefnd eru bæði til í íslensku og færeysku og beygjast eins í málunum.

reglulega fleirtölu samkvæmt þeim reglum sem Íslendingar tileinka sér á máltökuskeiði. Orðin sem eru prófuð í síðustu útgáfunni eru sýnd í *töflu 1*: Þau sem eru feitletruð sýna einhvers konar breytileika í stofni eða endingu í beygingunni og þau orð gætu þess vegna verið erfiðari en hin:

Beyging, kyn	**Þekkt orð**	**Tilbúin orð**
sterk		
kk.	hundur, selur, hnífur, bekkur; kjóll; **gaffall**, **hamar**; **fótur**	**teill**; þetir
kvk.	sól, nál, þvottavél; **sög**; **mús**, **bók**	
hk.	rúm, ljón, kerti; **blað**, **tjald**, **glas**	lún; **kas**, **darm**
veik		
kk.	koddi, fáni, bolti	neli
kvk.	sápa, kona; **panna**	kíma; **kraða**, **darga**
hk.	eyra, auga	

Tafla 1: Orðin í íslenska fleirtöluprófinu.

Tilbúnu orðin ættu öll að beygjast á reglubundinn hátt. Þekktu orðin eru hins vegar misjafnlega regluleg. Þessu er lýst í (8):

(8) Breytileiki í stofni eða endingum íslensku orðanna:
   a. Ending nf. et. kemur fram sem *-l* en ekki *-r* (eða *–ur*) í *kjóll – kjólar*. Tilbúna orðið *teill* gæti beygst eins.
   b. Áherslulaust sérhljóð fellur brott í stofni orðanna *gaffall* og *hamar* á undan beygingarendingu sem hefst á sérhljóði, t.d. í fleirtölunni *gafflar*, *hamrar*.
   c. Tilbúna orðið *þetir* gæti verið *þetar* í fleirtölu (sbr. *læknir – læknar*), en einhverjir gætu samt sagt *þetirar* í fleirtölu af því að sumir beygja orð eins og *læknir* þannig.
   d. *u*-hljóðvarp kemur fyrir í fleirtölu orðanna *blað – blöð*, *tjald – tjöld*, *glas – glös*, *panna – pönnur*. Þetta er alveg reglulegt og þess vegna ættu tilbúnu orðin *kas*, *darm*, *kraða* og *darga* líka að fá *u*-hljóðvarp í fleirtölu (*kös*, *dörm*, *kröður*, *dörgur*). Tilbrigði eins og *sög – sagir* eru kannski ekki eins gagnsæ frá samtímalegu sjónarmiði.
   e. Orðin *fótur – fætur*, *mús – mýs*, *bók – bækur* hafa óreglulega fleirtölu, en þar sem þau eru algeng má kannski búast við að börn læri þær fleirtölumyndir frekar fljótt.

Prófið var lagt fyrir á sama hátt og *wug*-prófið hjá Berko. Þetta er sýnt á *mynd 2*:



Mynd 2: Sýnishorn af því hvernig íslenska fleirtöluprófið var lagt fyrir.

Orðmyndirnar *einn/ein*, *tveir/tvær* ... gefa upplýsingar um kynið og þær ættu að nægja þátttakendum til þess að geta myndað fleirtölu af tilbúnu orðunum (sjá t.d. umræðu hjá Áslaugu Marinósdóttur og Guðrúnu Sigurðardóttur 1980; Áslaugu Marinósdóttur 1983). Myndina af *dörgunni* og öðrum óþekktum kvikindum í prófinu teiknaði Kjartan Arnórsson.

Fleirtölukönnun Indriða og félaga náði til 188 fjögurra ára barna og 189 sex ára (Indriði o.fl. 1986:21). Líkt og í könnun Berko gekk eldri börnunum auðvitað betur en þeim yngri en þau náðu þó ekki „fullu húsi“. Það voru einkum tilbúin orð með einhvers konar breytileika í beygingunni (t.d. *u*-hljóðvarpi) sem vöfðust fyrir börnunum. Í *töflu 2* má sjá árangur barnanna í könnun Indriða og félaga og til samanburðar eru birtar niðurstöður fyrir 80 fullorðna einstaklinga (30–90 ára) sem Iris Edda Nowenstein og Sigríður Magnúsdóttir prófuðu:[4]

Tilbúin orð án breytileika	**4 ára**	**6 ára**	**fullorðnir (30–90 ára)**
(eitt) *lún – lún*	92	98	98
(ein) *kíma - kímur*	46	81	100
(einn) *neli - nelar*	59	76	95
meðaltal:	***66***	***85***	***98***
Tilbúin orð með breytileika			
(eitt) *kas – kös*	11	67	99
(eitt) *darm – dörm*	26	65	100
(ein) *darga – dörgur*	27	67	100
(ein) *kraða – kröður*	32	71	100
(einn) *teill – teilar*	15	36	99
(einn) *þetir – þetar*	27	41	86
meðaltal:	***23***	***58***	***97***

Tafla 2: Árangur aldurshópanna í íslenska fleirtöluprófinu (hlutfall réttra svara).

Eins og sjá má gera fullorðnu þátttakendurnir næstum allt „rétt“ – eina frávikið er í raun fleirtalan af *þetir* þar sem ekki voru allir sammála. Skorið 86% er þó lægra en telja má sanngjarnt vegna þess að nokkrir gáfu fleirtöluna *þetirar* sem er alveg í samræmi við vel þekktar fleirtölumyndir á borð við *læknirar* og þess vegna hefði mátt telja hana „rétta“ þótt það væri ekki gert.

Samanburður við frammistöðu enskumælandi barnanna í rannsókn Berko sýnir að það eru meiri sveiflur í svörum íslensku barnanna. En ef litið er á meðaltölin fyrir hvern flokk verður munurinn ekki svo mikill. Eins og fram kom í (6) voru yngri enskumælandi börnin með 58–79% rétt svör fyrir orð í auðveldari flokknum ([s]- og [z]-fleirtala) og þau eldri með 80–97%. Þau yngri voru síðan með 14–28% rétt fyrir erfiðari flokkinn ([-iz]-fleirtala) en þau eldri með 33–39%. Svo munurinn á aldurshópunum er hliðstæður og frammistaðan býsna lík þegar á heildina er litið. Vegna þess að íslensku börnin þurfa að læra mun fjölbreyttari fleirtöluendingar (þar

[4] Í upphaflegri gerð prófsins, sem Indriði og félagar notuðu, voru fleiri orð en þau sem þarna eru talin. Við endurskoðun prófsins var talið nauðsynlegt að einfalda það og hér er aðeins miðað við orðin í endurskoðuðu gerðinni (Höskuldur og Sigríður 2013).

skiptir kyn og beygingarflokkur máli) en þau sem hafa ensku að móðurmáli (þar er í raun bara ein fleirtöluending sem síðan er borin fram á mismunandi vegu) er þetta í raun athyglisverð niðurstaða.

Nánari samanburð aldurshópanna má sýna á skýrari hátt á súluriti. Á *mynd 3* hafa orðin verið flokkuð eftir því hvort beygingin er veik eða sterk og hvort orðin eru þekkt eða óþekkt:



Mynd 3: Samanburður á árangri aldurshópa á íslenska fleirtöluprófinu.

Það sem sjá má á *mynd 3* má draga saman líkt og gert er í (9):

(9) a. Veik beyging er auðveldari en sterk, enda reglulegri.
b. Börnunum gengur betur með þekktu orðin en þau óþekktu. (Það á líka við um algeng orð með óreglulega beygingu eins og *bók*, *mús* og *fótur*.)
c. Strax við fjögurra ára aldur hafa börnin samt náð valdi á sumum fleirtölureglum og ekki bara lært fleirtölu einstakra orða.
d. Kunnáttan hefur vaxið talsvert við sex ára aldur, bæði að því er varðar þekktu orðin og almennu fleirtölureglurnar.
e. Það er næstum algjör samstaða meðal fullorðna fólksins um það hvað sé „rétt“ fleirtala, líka þegar óþekktu orðin eiga í hlut.[5]

Með þetta í huga getum við snúið okkur að færeysku könnuninni.

4. Føroysk úrslit

Sum nevnt omanfyri fáa føroysk navnorð ymiskar endingar í fleirtali, treytað av kyni og bendingarmynstri. Bendingarmynstrini líkjast teimum íslendsku, men hava fleiri tilbrigdi, sum víst verður í yvirlitinum í (10):

(10) Fleirtal av føroyskum navnorðum:
a. Sterkt bend kallkyns- og kvennkynsnavnorð í føroyskum kunnu sum í íslendskum fáa ymiskar endingar í fleirtali. Sterkt bend hvørkikynsorð hava sum oftast onga ending í fleirtali, men ikki øll. Tey flestu hava u-umljóð í fleirtali, um tað er -a- í stovninum í eintali, men ikki øll:
k *hundur – hund**ar**, fundur – fund**ir***
kv *fjøl – fjal**ar**/fjal**ir**, sól – sól**ir***

[5] Frávikin varða helst fleirtöluna af *neli* (þar var búist við *nelar* en *nelir* kom fyrir) og *þetir* (þar var búist við *þetar* en *þetirar* kom nokkrum sinnum fyrir). Í hvorugu tilvikinu eru þau frávik algjörlega fordæmalaus, sbr. þjóðaheiti eins og *Dani – Dan**ir*** og fleirtölumyndina *læknirar* sem er vel þekkt og þess vegna hefði *þetirar* getað talist „rétt“ mynd miðað við mál þátttakenda.

h *horn – horn, kerti – kerti/kerti**r**, glas – gl**ø**s, mark – m**a**rk/m**ø**rk*

b. Tey flestu veikt bendu kallkynsorðini fáa *-ar* ending í fleirtali, men ikki øll allastaðni. Veikt bend kvennkynsorð fáa øll *-ur*-ending í fleirtali. Veikt bend hvørkikynsorð kunnu fáa *-u* ella *-ur*-ending í fleirtali:
k *koddi– kodd**ar**, málari – málar**ar**/málar**ir**/málar**a***
kv *sápa – sáp**ur**, g**ø**ta – g**ø**tur*
h *eyga – eyg**u**/eyg**ur***

Í føroysku kanningini nýttu vit sama framferðarhátt sum í teirri íslendsku, við partvíst somu orðum. Victoria Absalonsen gjørdi kanningina, og luttakarar vóru 16 børn fødd í 2015 (sjey av teimum høvdu ikki fylt fýra ár, tá ið kanningin var gjørd í 2019), 14 børn fødd í 2013 (fimm av teimum høvdu ikki fylt seks ár) og seks vaksin til samanberingar (23–65 ára gomul). *Mynd 4* vísir tvey dømi úr kanningini:

Mynd 4: Dømi úr føroysku kanningini.

Í íslendsku kanningini høvdu vit bert eitt talorð við, tá ið vit søgdu, hvat var á myndunum (eitt nú *Hér er **einn** hundur*, *Hér eru **tveir** hundar*), men í føroysku kanningini var neyðugt eisini at hava eitt lýsingarorð við (hetta var sum oftast *vakur/vøkur/vakurt*; *vakrir/vakrar/vøkur*), har sum talorðið *ein* kundi vera kallkyn ella kvennkyn, og tað er kanska ikki altíð so lætt at hoyra, um sagt verður *tveir* (kallkyn) ella *tvær* (kvennkyn).

Talva 3 vísir orðini í føroysku kanningini, og sum fyrr eru tey orðini við feitum bókstavum, sum møguliga eru nakað fløktari enn hini:

Bending, kyn	**Kend orð**	**Tilgjørd orð**
sterkt bend		
k	hundur, selur, knívur, bóltur, veggur, steinur; **fótur**	
kv	sól, nál, skel; **fjøl**; **mús**, **bók**	
h	horn, ljón, **kerti**; **blað**, **tjald**, **glas**	lún; **kas**, **darm**
veikt bend		
k	koddi, risi, **málari**	**neli**, **teili**, **túsari**
kv	sápa, kvinna, panna	kíma; **krøða**, **dørga**
h	**oyra**, **eyga**	

Talva 3: Orðini í føroysku kanningini.

Samanbering við tey íslendsku orðini í *talvu 1* vísir, at tað eru partvíst tey somu orðini í føroyskum og íslendskum, sum eru eitt sindur fløkjalig í bendingini. Sum í

íslendskum eru *fótur*, *mús* og *bók* óreglulig í fleirtali og *blað*, *tjald* og *glas* kunnu sum í íslendskum hava *u*-umljóð í fleirtali (*bløð*, *tjøld*, *gløs*). Tað, sum líkist frá, er serliga tað, at vit hava málførismunir ella persónlig frábrigdi í fleirtali í summum orðum (samanber frágreiðingina í (10) frammanfyri, sí eisini Eivind Weyhe 1991, 1991b, 1996; Höskuldur Þráinsson o.fl. 2012:352–353). Legg eisini merki til, at í føroyskum hava vit orð sum *panna* við *-a-* í fleirtali (*p**a**nnur*), men eisini orð sum *søga – søgur* við *-ø-* í eintali og fleirtali og orð sum *gøta*, sum eisini kann vera *gata* (við *-a-*) í eintali, men altíð *gøtur* (við *-ø-*) í fleirtali. Harafturat er málførismunur í framburðinum av bendingarendingunum *-ir* og *-ur*. Samanumtikið kann mann so siga, at føroysk børn fáa ymiskar upplýsingar um sambandið millum eintal og fleirtal í málinum.

Sum væntað, var fleirtalið av teimum kendu orðunum lættari fyri børnini enn fleirtalið av ókendu ella tilgjørdu orðunum. Tey vaksnu gjørdu (næstan) alt „rætt“ sum verður víst í *talvu 4*:[6]

	4 ár	**6 ár**	**vaksin (23–65)**
kend sterk	34	44	98
kend veik	37	46	100
ókend sterk	31	36	83
ókend veik	21	26	92

Talva 4: Samanbering av aldursbólkum: Prosent rætt fyri ymisk sløg av orðum.

Munurin millum aldursbólkarnar verður sjónligari á stabbamynd sum *mynd 5*:



